



HÁSKÓLI ÍSLANDS

MA ritgerð Félagsráðgjöf til starfsréttinda

„Heildarsýnin er okkar styrkleiki í vinnu“
Reynsla félagsráðgjafa af að nota hugmyndafræði
félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum

Lovísa Mjöll Kristjánsdóttir

Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir, lektor
Nóvember 2021

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

„Heildarsýnin er okkar styrkleiki í vinnu“
Reynsla félagsráðgjafa af að beita hugmyndafræði félagsráðgjafar í
kynferðisofbeldismálum

Lovísa Mjöll Kristjánsdóttir
071192-2459

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda
Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir
Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 30 einingar

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Nóvember 2021

„Heildarsýnin er okkar styrkleiki í vinnu“: Reynsla félagsráðgjafa af að
beita hugmyndafræði félagsráðgjafar í kynferðisofbeldismálum

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA í félagsráðgjöf til starfsréttinda
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Lovísa Mjöll Kristjánsdóttir, 2021

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2021

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig félagsráðgjöfum þykir hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtast við að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Úrtakið eru félagsráðgjafar sem starfa við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum. Þá er einnig kannað hvernig stuðningi við félagsráðgjafa sem vinna í slíkum málum innan barnaverndar er háttað og hvernig félagsráðgjafar telja að sá stuðningur nýtist þeim í starfi. Byggt á eðli vandans og því að félagsráðgjafar eru fjölmennir í hópi þeirra starfsmanna sem starfa við barnavernd er mikilvægt að skoða hvernig hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtist þeim í að þjónusta þau börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi og þiggja þjónustu frá barnavernd.

Notast er við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin eru viðtöl við sex félagsráðgjafa sem starfa við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum. Þátttakendur eiga það sameiginlegt að sinna allir kynferðisofbeldismálum. Þátttakendur voru konur á aldrinum 39-61 árs og voru allar með skráð lögheimili á höfuðborgarsvæðinu eða í nærliggjandi sveitarfélögum.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að allir þátttakendur voru sammála um að hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtist í starfi þeirra við að sinna kynferðisofbeldismálum og þá helst heildarsýn og kerfiskenningar. Þá leiddu niðurstöður rannsóknarinnar einnig í ljós að allir þátttakendur njóta stuðnings í starfi sínu, bæði í formi handleiðslu og í formi jafningjastuðnings. Þátttakendur voru sammála um að stuðningur í þessu starfi sé nauðsynlegur til að halda jafnvægi í vinnu og einkalífi.

Lykilorð: félagsráðgjöf, hugmyndafræði, kynferðisofbeldi, börn, handleiðsla.

Abstract

The aim of this research was to gain further understanding on how social workers experience the utilization of the ideology of social work when services are provided to children who have been sexually abused and their families. Participants in this research are social workers working for child protective services in the capital area of Iceland and the surrounding municipalities. This research will also explore how support for social workers working in such matters within child protection is structured and how they believe that this support is useful to them in their work. Based on the nature of the problem and the fact that social workers are numerous among the staff working in child protection services, it is important to examine how the ideology of social work benefits them in servicing children who have been sexually abused and are receiving service from child welfare.

A qualitative research method was used where interviews were conducted with six social workers working in child protection services in the capital area of Iceland and the surrounding municipalities. What the participants have in common is that they all give service to children that have been sexually abused. Participants were women aged 39-61 years old and are all residents of the capital area of Iceland and the surrounding municipalities.

The result of this study showed that all participants agreed that the ideology of social work is useful in their work with children who have been sexually abused, in particular overall view and systems theory. The result of the study also showed that all participants receive support in their work, in the form of guidance and peer support. Participants agreed that support in this kind of work is necessary to be able to balance work and private life.

Key words: social work, ideology, sexual abuse, children, supervision.

Formáli

Rannsóknin er 30 ECTS lokaverkefni í meistaranámi til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Rannsóknin heitir „Heildarsýnin er okkar styrkleiki í vinnu“: Reynsla félagsráðgjafa af að beita hugmyndafræði félagsráðgjafar í kynferðisofbeldismálum, og var hún unnin haustið 2021. Leiðbeinandi verkefnisins er Hrefna Ólafsdóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Henni vil ég þakka fyrir faglega leiðsögn og gott samstarf. Ég vil einnig færa þakkir til viðmælenda minna en án þeirra hefði þetta verkefni ekki orðið til. Sólveig Jónsdóttir fær þakkir fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Sérstakar þakkir færi ég manningum mínum og syni fyrir mikla hvatningu og þolinmæði við gerð þessa verkefnis.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	5
Formáli	7
Efnisyfirlit	8
1 Inngangur	10
1.1 Markmið og tilgangur	10
1.2 Val á viðfangsefni	11
1.3 Uppbygging ritgerðar	12
2 Fræðileg umfjöllun	13
2.1 Kynferðisofbeldi gegn börnum	13
2.1.1 Skilgreiningar	13
2.1.2 Umfang og eðli	14
2.1.3 Tengsl við gerenda	17
2.1.4 Afleiðingar kynferðisofbeldis	18
2.2 Hugmyndafræði félagsráðgjafar	21
2.2.1 Heildarsýn	21
2.2.2 Kerfiskenningar	22
2.2.3 Fjölskyldukerfiskenning	23
2.2.4 Fjölskyldunálgun	24
2.3 Félagsráðgjöf og þjónusta við börn	25
2.3.1 Barnavernd	25
2.3.2 Viðtalstækni í starfi með börnum	26
2.3.3 Rannsóknir á félagsráðgjöf í málum barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi	28
2.4 Stuðningur við félagsráðgjafa	29
2.4.1 Handleiðsla	30
2.4.2 Jafningjastuðningur	32
3 Rannsóknaraðferð og framkvæmd	33
3.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir	33
3.2 Undirbúningur og framkvæmd rannsóknarinnar	33
3.3 Úrtak og þátttakendur	34
3.4 Gagnasöfnun	34

3.5	Úrvinnsla gagna.....	35
3.6	Takmarkanir	35
3.7	Síðferðisleg álitamál.....	36
4	Niðurstöður	37
4.1	Fagleg þjálfun fyrir barnaverndarstarf.....	38
4.1.1	<i>Fræðsla</i>	38
4.1.2	<i>Undirbúningur.....</i>	39
4.2	Hugmyndafræði félagsráðgjafar	41
4.2.1	<i>Heildarsýn</i>	41
4.2.2	<i>Kenningar.....</i>	42
4.3	Aðkoma félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum	43
4.3.1	<i>Hlutverk félagsráðgjafa</i>	43
4.3.2	<i>Áhrif á félagsráðgjafa</i>	46
4.3.3	<i>Viðtöl við börn.....</i>	47
4.4	Stuðningur í starfi	48
4.4.1	<i>Formlegur stuðningur</i>	48
4.4.2	<i>Óformlegur stuðningur</i>	50
5	Umræða.....	52
5.1	Undirbúningur fyrir barnaverndarstarf.....	52
5.2	Hugmyndafræði félagsráðgjafar	53
5.3	Hlutverk félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum	54
5.4	Stuðningur í starfi	56
6	Lokaorð.....	57
	Heimildaskrá	59
	Viðauki I – Kynningarbréf.....	68
	Viðauki II – Upplýst samþykki	70
	Viðauki III – Viðtalsvísir.....	72

1 Inngangur

Kynferðisofbeldi gegn börnum er útbreitt vandamál sem finna má í öllum samfélögum heimsins (Mathews og Collin-Vézina, 2019). Erfitt getur verið að bera saman tíðnitölur í rannsóknum á kynferðisofbeldi gagnvart börnum milli landa og jafnvel innan ákveðins samfélags vegna ólíkra skilgreininga og ólíkrar menningar (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur (2011) sem var fyrsta tíðnirannsókn á kynferðisofbeldi gegn börnum á Íslandi sem byggði á þjóðarúrtaki kemur fram að tíðnin er 17% í heildina, 23% hjá stúlkum og 8% hjá drengjum. Einnig kom þar fram að börn á aldrinum 7-10 ára eru í mestri hættu á að verða beitt kynferðisofbeldi. Afleiðingar kynferðisofbeldis eru misalvarlegar en þær fara eftir aldri barns, tímalengd ofbeldis, tengslum barnsins við gerandann, tegund ofbeldis og viðbrögðum annarra. Því fyrr sem börnum er veitt viðeigandi þjónusta því betri eru horfur þeirra og því meiri stuðningur sem barn fær er hægt að sporna gegn langvarandi afleiðingum ofbeldisins (Glaser og Frosh, 1993). Í flestum tilvikum þurfa börn á sérhæfðri meðferð fagfólks að halda eftir að hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Slík meðferð stuðlar að því að barnið endurheimti heilleika sinn og traust til annarra. Hlutverk meðferðaraðila er því að aðstoða barnið við að vinna úr reynslu sinni en það er mikilvægur þáttur í að sporna gegn því að ofbeldismynstur færast frá einni kynslóð til annarrar (Sæunn Kjartansdóttir, 2011).

Barnavernd á Íslandi starfar innan félagsþjónustu sveitarfélaga (Barnaverndarlög nr. 80, 2002) og eru félagsráðgjafar fjölmennir í hópi þeirra sem starfa þar. Í barnavernd er börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi veitt þjónusta, yfirleitt af félagsráðgjöfum. Félagsráðgjafar eru vel til þess fallnir að sinna málum þar sem börn koma við sögu en þjálfun þeirra byggir á heildarsýn og kerfishugsun sem finna má í hugmyndafræði félagsráðgjafar (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

1.1 Markmið og tilgangur

Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvernig félagsráðgjöfum, sem starfa við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum, þykir hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtast við að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Þá verður einnig kannað hvernig

stuðningi við félagsráðgjafa sem vinna í slíkum málum innan barnaverndar er háttað og hvernig félagsráðgjafar telja að sá stuðningur nýtist þeim í starfi. Í ritgerðinni er notað orðið stuðningur þegar verið er að fjalla um formlegan stuðning í formi handleiðslu og óformlegan stuðning í formi jafningjastuðnings á vinnustað. Byggt á eðli vandans og því að félagsráðgjafar eru fjölmennir í hópi þeirra starfsmanna sem starfa við barnavernd innan félagsþjónustu sveitarfélaga á Íslandi, telur rannsakandi mikilvægt að kanna hvernig hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtist þeim í að þjónusta þau börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi og þiggja þjónustu frá barnavernd. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hver er reynsla félagsráðgjafa af því að nota hugmyndafræði félagsráðgjafar í þjónustu við börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra?
2. Hvaða styrkleikar innan aðferðafræði félagsráðgjafar nýtast best í þjónustu við þessi börn og fjölskyldur þeirra?
3. Hvaða áhrif hefur það á félagsráðgjafa að vinna í málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðisofbeldi og hvernig er stuðningi við þá háttað á vinnustað þeirra?

1.2 Val á viðfangsefni

Við val á rannsóknarefni var horft til áhugasviðs rannsakanda sem hefur mikinn áhuga á málefnum barna. Hugmynd að rannsókninni varð til út frá tillögu sem starfsmaður Barnaheilla kynnti fyrir nemendum í MA námi í félagsráðgjöf í byrjun árs. Í samráði við leiðbeinanda ritgerðarinnar þróaðist tillagan í rannsókn sem snýr að því að kanna félagsráðgjöf og þjónustu við börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Þá verður kannað hvað félagsráðgjöfum sem starfa í barnavernd félagsþjónustu sveitarfélaganna þykir nýtast best úr hugmyndafræði félagsráðgjafar í slíkum málum. Undirrituð telur mikilvægt að skoða þetta efni því félagsráðgjafar eru stór hópur þeirra sem sjá um þessi mál innan barnaverndar á Íslandi. Við athugun virðist þetta efni ekki vera mikið kannað hér á landi. Vonast rannsakandi til að niðurstöður rannsóknarinnar muni nýtast málaflokknum með því að sýna fram á þá styrkleika sem hugmyndafræði félagsráðgjafar hefur upp á að bjóða.

1.3 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðinni er skipt í sex meginkafla. Í fyrsta kafla er inngangur þar sem fjallað er um markmið og tilgang rannsóknarinnar og farið yfir hvers vegna rannsakandi valdi þetta viðfangsefni. Í kafla tvö er fjallað um viðfangsefni ritgerðarinnar á fræðilegan hátt. Þar er farið yfir skilgreiningar á kynferðisofbeldi gegn börnum ásamt umfangi og eðli og afleiðingum þess að vera beittur kynferðisofbeldi sem barn. Þá verður fjallað um hugmyndafræði félagsráðgjafarinnar þar sem gerð verður grein fyrir hugtakinu heildarsýn, kerfiskenningum og fjölskyldunálgun í félagsráðgjöf. Því næst er fjallað um félagsráðgjöf í þjónustu við börn þar sem viðfangsefnið er viðtalstækni félagsráðgjafa í starfi með börnum og fyrri rannsóknir á starfi félagsráðgjafa í málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Síðan er umfjöllun um stuðning við félagsráðgjafa í starfi, bæði formlegur og óformlegur. Að fræðilegri umfjöllun lokinni kemur kafla þrjú en í honum er fjallað um þær aðferðir sem notast var við í framkvæmd rannsóknarinnar. Í kafla fjögur er greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og í kafla fimm eru umræður þar sem rannsóknarspurningum verður svarað og niðurstöður settar í fræðilegt samhengi. Í sjötta og jafnframt síðasta kaflanum eru lokaorð.

2 Fræðileg umfjöllun

2.1 Kynferðisofbeldi gegn börnum

Það hefur þótt erfitt að skilgreina hvað kynferðisofbeldi gegn börnum er en það er mismunandi eftir samfélögum hvað telst vera kynferðisofbeldi. Þá fer það bæði eftir samfélagslegum gildum ásamt þeim lögum sem eru í gildi í samfélaginu (Mathews og Collin-Vézina, 2019). Hér fyrir neðan verður farið nánar yfir skilgreiningar á kynferðisofbeldi gegn börnum.

2.1.1 Skilgreiningar

Skilgreiningar á kynferðisofbeldi gegn börnum er mikilvægur þáttur í því hvernig þessum börnum og fjölskyldum þeirra er mætt, bæði í samfélaginu og innan stofnana sem mæta þeim. Kynferðisofbeldi er gildishlaðinn og margþættur vandi og hafa því skilgreiningar tekið breytingum með tímanum (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Fræðimenn og fagmenn á sviðinu hafa því gjarnan mismunandi skilgreiningar eftir því hver hugmyndafræði hvers faghóps er. Þau atriði sem oftast hefur verið skilgreint út frá er aldur barns, aldur geranda, aldursbil milli geranda og þolanda, valdaójafnvægi milli þolanda og geranda, hversu gróft ofbeldið er og hver tengslin eru milli þolanda og geranda (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Æskilegt telst að skilgreina kynferðisofbeldi gegn börnum út frá aldri barnsins og alvarleika brotsins. Vegna þess hefur kynferðisofbeldi gegn börnum í auknu mæli verið skilgreint þannig að það feli í sér einhverja tegund þvingunar líkt og valdbeitingu, blekkingu eða misnotkun á valdaójafnvægi og aðstæðum þar sem gerandi er til dæmis eldri og þroskaðri (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011). Eftirfarandi eru skilgreiningar frá nokkrum mismunandi fagmönnum og stofnunum.

Hulme (2004) setti fram mælikvarða á kynferðisofbeldi gegn börnum þar sem helstu viðmiðin sem vísindamenn hafa notast við voru talin upp. Viðmiðin eru tegund kynferðisofbeldisins, aldur barns þegar brotið á sér stað, hvort valdbeiting eða þvingun var beitt við brotið og aldursmunur á barni og geranda. Hulme tekur undir fyrstu tvö viðmiðin en gagnrýnir seinni tvö þar sem hún telur að valdbeiting þurfi ekki að eiga sér stað svo að um kynferðisofbeldi sé að ræða ásamt því sem gerandi er ekki alltaf eldri en þolandi (Hulme, 2004).

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra og er hlutverk hennar að annast stjórnsýslu á því sviði sem íslensk barnaverndarlög ná til

(Barnaverndarlög nr. 80, 2002). Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu er kynferðisofbeldi gegn barni þegar barn er notað til kynferðislegrar ánægju annarra. Sá sem beitir barn kynferðisofbeldi getur verið foreldri barnsins eða annar aðili, hvort sem hann tengist barninu eða ekki. Skilgreining á kynferðisofbeldi gegn barni er tvíþætt. Annars vegar kynferðisofbeldi gegn barni sem felur í sér kynferðislega athöfn gagnvart einstaklingi undir 15 ára aldri með eða án vilja hans. Hins vegar kynferðislega athöfn gagnvart einstaklingi á aldrinum 15-18 ára án vilja hans. Kynferðisofbeldi gegn barni er flokkað niður eftir alvarleika brotsins þar sem flokkur eitt er alvarlegastur. Undir fyrsta flokkinn fellur samfarir forsjáradíla við barn í leggöng eða endaparm og/eða munnmök forsjáradíla við barn eða öfugt. Undir flokk tvö fellur þukla á kynfærum barns innan klæða eða barn fengið til að þukla á fullorðnum einstaklingi innan klæða. Þriðji flokkurinn felur í sér að barn sé fengið til að þukla á fullorðnum einstaklingi utan klæða, það látið horfa á kynfæri, kynferðislegar athafnir eða klámefni og myndir teknar af barni til að örva aðra kynferðislega (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (e. world health organization) hefur skilgreint kynferðisofbeldi gegn börnum sem þátttöku barns í kynferðislegri athöfn sem barnið getur hvorki skilið né veitt upplýst samþykki vegna aldur síns og þroska. Sá sem beitir kynferðisofbeldinu getur verið fullorðinn aðili eða barn sem er eldra og/eða þroskaðra og í ábyrgðar- eða valdastöðu gagnvart barninu (Butchart, Harvey, Mian og Furniss, 2006).

Glaser og Frosh (1993) skilgreina kynferðisofbeldi gegn börnum þegar fullorðinn einstaklingur, hvort sem það er af ásetningu eða vegna vanrækslu, fær barn eða leyfir öðrum að fá barn til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum í þeim tilgangi að veita fullorðna einstaklingnum kynferðislega ánægju. Þá skiptir ekki máli hvort athöfnin felur í sér þvingun af einhverju tagi, líkamlega snertingu eða hvort það er barnið eða fullorðni einstaklingurinn sem á frumkvæðið.

2.1.2 Umfang og eðli

Kynferðisofbeldi gegn börnum getur átt sér stað í öllum samfélögum heimsins þar sem mismunandi menning og trúarbrögð ríkja. Börn geta orðið fyrir ofbeldi af hendi fullorðinna eða yngri einstaklinga hvort sem barnið þekkir einstaklinginn eða ekki. Þá getur ofbeldið verið skipulagt eða átt sér stað vegna tækifæris sem gerandi greip (Davies og Duckett, 2016). Í íslenskri rannsókn eru niðurstöður þær að börn sem eru þolendur

kynferðisofbeldis koma jafnt frá öllum tegundum byggðalaga og öllum stéttum samfélagsins, sem sagt það skiptir ekki máli hver fjárhagsleg staða fjölskylda þolandans hefur verið á uppvaxtarárum hans (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að hægt er að greina þá áhættuþætti sem geta aukið líkurnar á því að kynferðisofbeldi eigi sér stað ef heimilisaðstæður eru kannaðar ásamt persónubundnum þáttum, svo sem hegðun og líðan barna. Þá hefur verið sýnt fram á að stúlkur eru í meiri hættu en drengir að vera beittar kynferðisofbeldi ásamt því að eldri börn eru talin vera í meiri hættu en yngri börn. Börn eru einnig talin vera í meiri hættu ef þau búa ekki með báðum blóðforeldrum sínum, ef þau búa við heimiliserjur eða við slæmar félagslegar aðstæður (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011). Börn sem koma frá efnaminni fjölskyldum virðast ekki vera útsettari fyrir því að vera beitt kynferðisofbeldi frekar en börn sem koma frá efnameiri fjölskyldum. Þá eru viðkvæmir hópar eins og börn sem eru með fötlun, eru heimilislaus eða á flóttu án umönnunaraðila í meiri hættu á að vera beitt kynferðisofbeldi (Davies og Duckett, 2016).

Íslensk tíðnirannsókn sem framkvæmd var af Hrefnu Ólafsdóttur (2011) sýndi að tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum er nokkuð há á Íslandi eða 20%, 23% á meðal stúlkna og 8% á meðal drengja. Kynjahlutfallið skiptist þannig að stúlkur eru 80% af þolandahópnum og drengir 20%. Þau börn sem eru í mestri hættu á að vera beitt kynferðisofbeldi eru á aldrinum 7-10 ára og þar næst eru börn sem eru yngri en sex ára. Tölur rannsóknarinnar sýndu að skipting kynjanna er nokkuð jöfn frá sjö ára aldri og fram að tólf ára og svo aftur frá fimmtán ára aldri. Þá eru stúlkur á aldrinum 13-14 ára í meiri hættu en drengir á að vera beittar kynferðisofbeldi. Meirihluti þolenda verður fyrir ofbeldinu oftast en einu sinni og í 84% tilfella er um grófa (snerting án virkrar þátttöku þolanda) eða mjög grófa (snerting með virkri þátttöku þolanda) misnotkun að ræða (Hrefna Ólafsdóttir, 2011).

Þá hefur einnig verið gerð rannsókn á tíðni kynferðisofbeldis á meðal íslenskra framhaldsskólanemenda. Alls svöruðu 9.113 nemendur könnuninni og voru þeir á aldrinum 16-19 ára. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að 27,3% nemendanna höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi af einhverju tagi fyrir 18 ára aldur. Af þeim voru 35,7% stúlkur og 17,8% drengir (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011).

Til að setja tölur frá Íslandi í alþjóðlegt samhengi voru tíðnirannsóknir sem gerðar hafa verið í öðrum löndum skoðaðar. Finkelhor (1994) rannsakaði tíðni kynferðisofbeldis

gegn börnum í 21 löndum í Evrópu, Ameríku, Afríku og Ástralíu. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem gerð var í lok 20. aldar, sýndi að tíðnin væri 7-36% hjá stúlkum og 3-29% hjá drengjum. Niðurstöður rannsóknar Finkelhor voru bornar saman við úttekt sem gerð var á 38 vísindagreinum þar sem fjallað var um 39 rannsóknir á kynferðisofbeldi gegn börnum frá 21 landi. Sú rannsókn sýndi svipaðar niðurstöður og fyrrnefnd rannsókn Finkelhor. Niðurstöðurnar sýndu að tíðnin hjá stúlkum er 0-53% og 0-60% hjá drengjum. Niðurstöðurnar bentu þó á hærri tíðni kynferðisofbeldis á meðal drengja í Suður-Afríku og hærri tíðni á meðal stúlkna í Ástralíu, Ameríku og Suður-Afríku (Pereda, Guilera, Forms og Goméz-Benito, 2009). Rannsókn sem gerð var í Kenía sýndi að tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum var 45% stúlkur og 28% drengir (Boudreau, Kress, Rochat, Yount, 2018). Tíðni á meðal barna í Bandaríkjunum sýndi að 27% stúlkna og 5% drengja hafa verið beitt kynferðisofbeldi og var gerandinn fullorðinn einstaklingur í 11% tilfella hjá stúlkum og 2% hjá drengjum (Finkelhor, Shattuck, Turner og Hamby, 2014).

Faraldsfræðilegar rannsóknir sem gerðar hafa verið á Norðurlöndunum hafa sýnt fram á að tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum fyrir 18 ára aldur sé 3-19% (Helweg-Larsen og Böving-Larsen, 2006). Rannsókn sem gerð var í Svíþjóð sýndi að 6% þátttakenda höfðu verið beitt kynferðisofbeldi, 9% stúlkur og 3% drengir. Í Noregi voru 16% þátttakenda beitt kynferðisofbeldi, þar voru 19% stúlkur og 14% drengir (Sætre, Holter og Jepsen, 1986). Í rannsókn sem gerð var í Finnlandi á meðal 9.000 15 ára barna, þar sem svarhlutfall var 93%, sýndu niðurstöður að 6-8% stúlkna og 1-3% drengja höfðu verið beitt kynferðisofbeldi (Sariola og Uutela, 1994). Í rannsókn sem gerð var í Danmörku árin 1987-1988 voru 11% þátttakenda beittir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, 14% stúlkur og 7% drengir. Þá var gerð önnur rannsókn í Danmörku árið 2002 og sýndu niðurstöður hennar að 11,3% þátttakenda voru beitt kynferðisofbeldi fyrir fimmtán ára aldur af hendi eldri einstaklings, 15,8% stúlkur og 6,7% drengir (Helweg-Larsen og Böving-Larsen, 2006). Þennan mun sem er að finna á milli Svíþjóðar og hinna Norðurlandanna er hægt að skýra með því að þar var notuð önnur aðferðafræði (Leth, Stenvig og Pedersen, 1988).

Þegar horft er til þróunar tilkynninga um kynferðisofbeldi gegn börnum á Íslandi til barnaverndarnefndar hefur tíðni þeirra nánast tvöfaldast frá árinu 2006 til ársins 2018. Þessi aukning á tilkynningum er ekki hægt að rekja til þess að barnafjöldi á Íslandi hafi aukist því hann hefur lítið breyst á milli fyrrnefndra ára. Þá er ekki vitað hvers vegna þessi

aukning á tilkynningum hafi átt sér stað en líkur eru á að meira sé um slíkt ofbeldi og/eða fólk er orðið meðvitaðra um slíkt ofbeldi og skyldu sína til að tilkynna það (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2019).

Í skýrslu sem Barnaverndarstofa gaf út í júní 2021 var gerður samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2019, 2020 og 2021. Í skýrslunni kemur fram að tilkynningum um ofbeldi gegn börnum af einhverju tagi hefur fjölgað á milli áráanna. Fyrstu þrjú mánuði ársins 2019 bárust 710 tilkynningar um börn sem beitt höfðu verið einhverskonar ofbeldi en 970 tilkynningar bárust árið 2021. Tilkynningar um kynferðisofbeldi á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 voru alls 114, af þeim voru 32 drengir og 82 stúlkur. Árið 2020 bárust 120 tilkynningar, af þeim voru 34 drengir og 86 stúlkur. Árið 2021 voru alls 224 tilkynningar sem bárust vegna kynferðisofbeldis, af þeim voru 67 drengir og 157 stúlkur. Fjöldi tilkynninga fyrstu þrjú mánuði ársins 2021 gerir 86,7% fleiri tilkynningar í samanburði við tölur frá árinu 2020. Sá fjöldi tilkynninga sem barst til barnaverndarnefnda fyrstu þrjú mánuði ársins 2021 svipar til fjölda slíkra tilkynninga sem hafa borist á fyrstu sex mánuðum síðastliðinna ára (Barnaverndarstofa, 2021).

2.1.3 Tengsl við gerenda

Samband barns við gerenda er mikilvægur þáttur þar sem það hefur áhrif á tilfinningar barnsins gagnvart kynferðisofbeldinu, upplýsingaferlið, inngripið og jafnvel mat sérfræðinga (Murray, Nguyen og Cohen, 2014). Rannsóknir hafa gefið til kynna að stærsti hópur gerenda eða um helmingur er karlar sem tengjast fjölskyldunni, aðrir en foreldrar og næststærsti hópurinn er ókunnugir karlar (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Ennfremur að meirihluti gerenda kynferðisofbeldis gegn börnum eru fjölskyldumeðlimir (Briere og Elliot, 2003) eða einhver annar náinn barninu (Aydin, Akbas, Turla, Dundar, Yuce og Karabekiroglu, 2015). Drengir hafa verið líklegri en stúlkur til að vera beittir kynferðisofbeldi af hálfu kvenmanns og af hálfu einstaklings af sama kyni (Briere og Elliot, 2003). Þá hafa aðrar rannsóknir sýnt að meirihluti gerenda sé á svipuðum aldri og þolendur (Radford, Corral, Bradley og Fisher, 2013) og var það tilfellið í rannsókn Gewirtz-Meydan og Finkelhor (2019). Þau komust að þeirri niðurstöðu að meirihluti kynferðisofbeldis á meðal ungmenna væru af hendi annarra ungmenna eða í 77% tilfella drengja og 70% tilfella stúlkna. Í þeim tilfellum þar sem brotið hafði verið á drengjum var

svipað hlutfall karla og kvenna gerendur en í brotum gegn stúlkum voru kvenkyns gerendur um 10% (Gewirtz-Meydan og Finkelhor, 2019). Í eldri rannsókn sýndu niðurstöður að einungis 1% kvenna höfðu tilkynnt kynferðisofbeldi þar sem gerandi var kvenmaður í samanburði við 83% þar sem karlar tilkynntu um kynferðisofbeldi þar sem gerandi var karlmaður (Finkelhor, Hotaling og Lewis, 1990). Kyn geranda í kynferðisbrotamálum gegn drengjum skiptir máli þar sem það getur haft áhrif á líðan drengjanna þar sem þeir upplifa ótta við að vera stimplaðir samkynhneigðir ásamt því sem það getur verið ógn við karlmennsku þeirra (Easton, Saltzman og Willis, 2014). Þá greina karlkyns þolendur oft ekki frá kynferðisofbeldi sem þeir hafa orðið fyrir í einhver ári, jafnvel áratugi (Easton, Saltzman og Willis, 2014).

2.1.4 Afleiðingar kynferðisofbeldis

Finkelhor og Browne (1985) settu fram líkan sem ætlað var að veita kerfisbundinn skilning á þeim áhrifum sem kynferðisofbeldi getur haft á börn. Þau lögðu upp með að hægt væri að nota líkanið til þess að leggja mat á börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi ásamt því að sjá fyrir vandamál sem geta haft áhrif á börnin síðar. Líkanið inniheldur fjóra þætti sem eru eftirfarandi: Áhrif á kynhegðun sem vísar til þess að kynhegðun barns getur mótast á óviðeigandi hátt í kjölfar kynferðisofbeldis. Svik sem barn verður fyrir í kjölfar þess að einstaklingur sem það treystir brýtur á því. Vanmáttur sem barn upplifir þegar stöðugt er brotið á því og stimplun sem vísar til þess þegar þær neikvæðu tilfinningar sem barnið hefur gagnvart kynferðisofbeldinu verður hluti af sjálfsmynd barnsins (Finkelhor og Browne, 1985). Allt eru þetta þættir sem geta haft neikvæð áhrif á barn í kjölfar kynferðisofbeldis. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um þau einkenni og afleiðingar sem barn getur upplifað í kjölfar þess að vera beitt kynferðisofbeldi.

Einkenni og afleiðingar þess að barn sé beitt kynferðisofbeldi getur verið mismunandi eftir einstaklingnum og eðli ofbeldisins. Afleiðingarnar geta verið allt frá því að einstaklingur sé einkennalaus allt sitt líf til þess að hann upplifi sálrænar, hegðunar- og heilsufarslegar afleiðingar. Þeir þættir sem hafa áhrif á alvarleika og tímalengd einkenna eru fyrri áföll, andlegar raskanir, hversu lengi ofbeldið stendur yfir og stuðningur frá umönnunaraðila. Það kynferðisofbeldi sem hefur hvað mest áhrif á langtíma afleiðingar er þegar hafðar hafa verið samfarir við barnið en sá flokkur kynferðisofbeldis hefur einnig hæstu tíðni áfallastreituröskunar (e. post-traumatic stress disorder) (Olafson, 2011).

Áfallastreituröskun er röskun sem getur komið fram hjá einstaklingi sem hefur upplifað eða orðið vitni að áfalli þar sem lífi eða velferð einstaklings er ógnað. Einkenni áfallastreituröskunar fela meðal annars í sér endurupplifanir af atburði, að forðast aðstæður eða fólk sem minnir á atburðinn og að sýna ýkt viðbrögð (American psychiatric association, 2013). Því fyrr sem börnum er veitt viðeigandi þjónusta því betri eru batahorfur þeirra og því meiri stuðningur sem barn fær er hægt að sporna gegn langvarandi afleiðingum ofbeldisins (Glaser og Frosh, 1993).

Börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi eru líklegri en önnur börn til að þjást af hegðunarvandamálum og tilfinningalegum vandamálum (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993). Þá hafa rannsóknir bent til þess að börn sem hafa upplifað slíkt séu í meiri hættu á að leiðast út í vímuefnaneyslu, beita ofbeldi, fremja afbrot eða leiðast út í vændi (Baron, 2004; Csoboth, Birkas og Purebl, 2003). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á sterk tengsl á milli þess að hafa verið beitt kynferðisofbeldi og að vera með ítrekaðar sjálfsvígshugsanir, sjálfsvígstílaunir og sjálfskaðandi hegðun (Weierich og Nock, 2008). Niðurstöður rannsóknar Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttir (2011) sem fjallað er um í kaflanum hér á undan gáfu til kynna að þeir nemendur sem höfðu verið beittir kynferðisofbeldi af einhverju tagi sýndu að meðaltali meiri einkenni þunglyndis, reiði og kvíða en þeir nemendur sem ekki höfðu verið beittir kynferðisofbeldi. Sumar rannsóknir hafa sýnt fram á að stúlkur séu líklegri til að beina vandamálum sínum inn á við, til dæmis með því að skaða sjálfa sig en drengir séu líklegri til að beina vandamálum sínum út á við, til dæmis með því að beita ofbeldi (Feiring, Taska og Lewis, 1999; Ullman og Filipas, 2005). Rannsókn Chandy, Blum og Resnic (1996) sýndi fram á að stúlkur sem sögðust hafa verið beittar kynferðisofbeldi voru líklegri til að greina frá sínum afleiðingum en drengir voru líklegri til að greina frá því að hafa framið afbrot og notað vímuefni. Þá getur sjálfsásökun og skömm í kjölfar kynferðisofbeldis komið í veg fyrir að börn og unglingar leiti eftir heilbrigðu sambandi í framtíðinni ásamt því sem þau eru varnarlausari gagnvart ofbeldissamböndum (Finkelhor og Browne, 1985).

Að verða fyrir kynferðisofbeldi sem barn getur haft langtímaáhrif á einstaklinga. Teknar voru saman niðurstöður 16 rannsókna þar sem þátttakendur voru fullorðnir einstaklingar sem höfðu verið beittir kynferðisofbeldi í æsku. Markmið greinarinnar var að skilgreina þau langtímaáhrif sem kynferðisofbeldi getur haft á börn og unglinga.

Niðurstöður sýndu að áhrifin geta verið sálfélagsleg, líkamleg, kynferðisleg og félagsleg. Sálfélagslegu áhrifin eru lágt sjálfsmat, þunglyndi, áfallastreituröskun, erfiðleikar með svefn, jaðarpersónuleikahegðun, sjálfskaðandi hegðun, sjálfsvígshægðun, geðröskun og röskun á heyrnarskynjun. Líkamlegu áhrifin geta komið fram í líkömnunarröskun (e. somatic disorder) en þá breytast andleg vandamál í líkamleg einkenni sem ekki er hægt að skýra læknisfræðilega. Kynferðislegu áhrifin geta komið fram í þungun, kynsjúkdómum, kynferðislegum erfiðleikum eða kynferðislegri ofvirkni (e. hypersexuality) (Cruz, Gomes, Campos, Estrela, Whitaker og Lírio, 2021). Þá eru konur líklegri en karlar til að finna fyrir kynferðislegum áhrifum (Dunlop, Hill, Johnson, Klein, Gelenberg, Rothbaum, Thase og Kocsis, 2015). Félagslegu áhrifin geta komið fram í óhóflegum reykingum, áfengisnotkun og/eða notkun á öðrum vímuefnum (Cruz o.fl., 2021).

Þrátt fyrir að ekki öll börn upplifi langvarandi afleiðingar kynferðisofbeldis hefur verið sýnt fram á að þau séu í aukinni hættu á endurteknu ofbeldi (e. revictimization) síðar á ævinni (Olafson, 2011). Talið er að um það bil helmingur barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi greina frá endurteknu kynferðisofbeldi (e. sexual revictimization) síðar á lífsleiðinni (Papalia, Mann og Ogloff, 2021; Walker, Freud, Ellis, Fraine og Wilson, 2017). Rannsókn var gerð með því markmiði að skoða hvort börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi séu líklegri til að verða fyrir endurteknu ofbeldi. Þátttakendur rannsóknarinnar voru fullorðið fólk sem hafði verið beitt kynferðisofbeldi í æsku og sýndu niðurstöðurnar hærrí tíðni hjá þeim fyrir endurteknu ofbeldi. Þá á þetta ekki eingöngu við um konur en karlar sýndu sjöfalt meiri líkur á endurteknu kynferðisofbeldi í samanburði við karla sem ekki höfðu verið beittir kynferðisofbeldi sem börn. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að tiltekna geðraskanir, til dæmis áfallastreituröskun, vímuefnaneysla og persónuleikaraskanir tengdust auknum líkum á endurteknu ofbeldi. Þá getur þekking og meðferð við geðheilbrigðisástandi einstaklinga sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi gegnt mikilvægu hlutverki við að draga úr hættu á endurteknu ofbeldi (Papalia, Mann og Ogloff, 2021).

Aðstandendur barns sem brotið hefur verið á geta upplifað miklar tilfinningar og tilfinningaviðbrögð þegar þeir verða varir við að kynferðisbrot gegn fjölskyldumeðlimi þeirra hafi átt sér stað. Tilfinningarnar geta verið mismunandi þar sem sumir upplifa reiði gagnvart geranda, sumir til þolanda og jafnvel til sjálfs síns. Sumir finna fyrir mikilli

sektarkennd þar sem þeim finnst þeir vera ábyrgir fyrir því að brotið hafi átt sér stað eða fundist aðrir vera að ásaka þá. Þá geta þeir einnig upplifað sorg vegna þess sem fjölskyldumeðlimurinn hefur gengið í gegnum, fundið fyrir hjálparleysi og vonleysi (Engel, 1994).

2.2 Hugmyndafræði félagsráðgjafar

Hugmyndafræði félagsráðgjafar byggir á heildarsýn og kerfishugsun. Áhersla er lögð á sálfélagslega nálgun þar sem tekið er mið af einstaklingnum með tilliti til fjölskyldu og umhverfis hverju sinni (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Félagsráðgjafi þarf að geta skilið vanda einstaklings út frá samfélagslegum þáttum og hafa færni í að bera kennsl á það hvernig vandinn getur birst á mismunandi hátt eftir einstaklingum. Þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á aukna fylgni líkamlegra þátta og sálfélagslegra vandkvæða hefur líkamlegi þátturinn komið inn sem viðbót í hugmyndafræðina. Félagsráðgjafar nýta þá meðferðarhugmyndir sem byggja á þessari sýn. Í vinnu með barni og fjölskyldu þess er gjarnan litið til kerfiskenninga og til ýmissa fjölskyldumeðferðarkenninga sem byggðar eru á þeim (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Eitt af því sem einkennir nálgun í þjónustu félagsráðgjafa er fjölskyldumeðferð í mismunandi formi enda er félagsráðgjöf sú faggrein sem einna helst kennir fjölskyldumeðferð í háskólanámi í félagsráðgjafarskólum/deildum víða í heiminum (Hrefna Ólafsdóttir, 2019).

2.2.1 Heildarsýn

Frá upphafi hefur félagsráðgjöf byggð á þeim hugmyndum að tekið sé mið af sjálfum einstaklingnum, tengslum hans við aðra og félagslegu umhverfi hans. Mary Richmond, einn af frumkvöðlum félagsráðgjafarinnar, kom fyrst fram með þessar hugmyndir í riti sínu Social Diagnosis árið 1918. Hún lagði áherslu á mikilvægi þessara þátta til að hægt sé að leggja grunn að meðferðaráætlun fyrir einstakling sem miðar að því að mæta honum þar sem hann er og aðstoða hann við að hjálpa sér sjálfur (Siporin, 1970). Frá því að Mary Richmond kom fram með þessar hugmyndir fyrir rúmri öld síðan hefur þessi nálgun tilheyrt hugmyndafræði félagsráðgjafar (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Að vinna út frá heildarsýn þýðir að horft sé á einstakling út frá aðstæðum hans og umhverfi hverju sinni. Einstaklingar eru mismunandi og því þarf að horfa á mál hvers og eins á mismunandi hátt. Heildarsýn leggur áherslu á að skoða aðstæður einstaklingsins út frá öllum hliðum umhverfis hans þar sem hver þáttur getur haft áhrif á annan.

Félagsráðgjafar þurfa að búa yfir þekkingu og færni til að þjónusta einstakling út frá heildarsýn. Þeir þurfa að þekkja til samfélagsins og þeirra bjarga sem hægt er að finna þar, þeir þurfa að hafa þekkingu á kenningum um mannlega hegðun ásamt því að hafa hæfni til að geta skilið og greint hvernig einstaklingar og umhverfið geta haft áhrif hvort á annað (Lára Björnsdóttir, 2006).

2.2.2 Kerfiskenningar

Kerfiskenningar byrjuðu að þróast upp úr 1940 þegar fræðimenn byrjuðu að smíða líkön um uppbyggingu og virkni vélrænna og lífrænna eininga. Það sem þeir uppgötvuðu var að hlutir eins fjölbreytilegir og þotuhreyflar og mannsheilinn deila þeim eiginleika að vera til úr kerfum, það er að samsetning þessara hluta mynda flókna heild (Nichols og Davis, 2017). Almenn kerfiskenning (e. general systems theory) var þróuð af líffræðingnum Ludwig Von Bertalanffy. Kenningin leggur áherslu á að skoða hvernig hegðun einstaklings verður til vegna samspils ólíkra kerfa í umhverfinu eins og félagslegir þættir og fjölskyldumynstur. Samkvæmt kenningunni tilheyra allir ákveðnum kerfum. Barn tilheyrir fjölskyldu og þá er barnið einn hluti af stærra kerfi sem er fjölskyldan. Líkt og áður kom fram þá byggja kerfiskenningar á svipaðri hugmyndafræði og heildarsýn nema hvað kerfiskenningin fjallar til viðbótar um samspilið milli þáttanna. Heildarsýnin gefur þá möguleika að skilja einstaklinginn í samhengi við sitt félagslega umhverfi og kerfiskenningin samspilið milli þáttanna. Þannig að þegar litið er til þjónustu við börn út frá kerfiskenningu og heildarsýn þá þykir eðlilegt að meta stöðu barnsins einnig út frá fjölskyldu þess þar sem gagnkvæmt samspil milli barnsins og fjölskyldu hefur áhrif á alla aðila fjölskyldunnar og fjölskylduna í heild (Healy, 2014; Nichols og Davis, 2017).

Upphaf kerfiskenninga í félagsráðgjöf er hægt að rekja til þriðja áratugs síðustu aldar. Það var þó ekki fyrr en á sjötta áratugnum sem félagsráðgjafar beittu kerfisbundinni nálgun í starfi sínu. Þá voru Gordon Hearn og samstarfsmenn hans í Landssamtökum félagsráðgjafa í Bandaríkjunum brautryðjendur í beitingu kerfiskenninga í félagsráðgjöf. Í upphafi var lögð áhersla á að gera félagsráðgjöf trúverðugt fag og veita því fræðilegan grundvöll sem myndi þá fanga aðalþætti félagsráðgjafarinnar (Healy, 2014).

Kerfiskenningar eru notaðar í félagsráðgjöf til að vinna með og bæta sambönd skjólstæðingsins og kerfanna í kringum hann. Með því að notast við kerfiskenningar í félagsráðgjöf er umhverfi einstaklingsins skoðað til þess að geta greint tengsl á milli

einstaklingsins og félagslegra kerfa í umhverfi hans. Þá er horft til félagsleglegra stórra kerfa, eins og velferðarkerfi, niður í lítil kerfi, eins og fjölskyldu einstaklingsins, og samskipti hans og tengsl við aðra meðlimi kerfanna (Healy, 2014). Til þess að hægt sé að skoða allt umhverfi einstaklingsins er gjarnan notast við vistfræðikenningu (e. ecological systems theory) Urie Bronfenbrenner. Þar koma fram hugtökin míkro (e. micro), mesó (e. meso) og makró (e. macro). Með því að notast við þessi hugtök getur það auðveldað félagsráðgjöfum að skoða einstaklinginn í samhengi við þau kerfi í umhverfi hans. Míkro kerfið fellur undir líkamlega, sálfræðilega, tilfinningalega og félagslega þætti sem hafa áhrif á einstaklinginn. Í mesó kerfinu er horft til nánasta umhverfi einstaklingsins, undir það fellur fjölskylda, vinir og jafnvel samstarfsfólk ef það á við. Makró kerfið nær yfir þær stofnanir sem hafa áhrif á einstaklinginn, til dæmis skóla og velferðarkerfi (Farley, Smith og Boyle, 2011; Healy, 2014).

Styrkleikar kerfiskenninga eru í fyrsta lagi ramminn sem þær veita félagsráðgjöfum til að sýna einstaklingnum og viðbrögðum hans við umhverfi sitt skilning. Í öðru lagi eiga skjólstæðingar auðvelt með að skilja félagsráðgjafa þegar þeir notast við kerfiskenninguna því hún býr yfir einföldum og skýrum hugtakagrunni. Í þriðja lagi hvetja kerfiskenningar félagsráðgjafa til að halda áfram að þróa þekkingu sína. Gagnrýni kerfiskenninga snýst aðallega um það að ekki séu til staðar nægilega skýrar grunnhugmyndir og skilgreiningar. Þá hafa þær verið gagnrýndar fyrir að leggja áherslu á vinnu með kerfin í umhverfi einstaklingsins frekar en andlega líðan hans. Það getur haft þau áhrif að draga úr getu einstaklingsins til að gera breytingar hjá sjálfum sér. Kerfiskenningar geta hjálpað til við að finna út hvar vandinn liggur en þær gera ekki grein fyrir því hvernig skal vinna með vandann. Þá getur verið gagnlegt að styðjast við aðrar kenningar til að finna lausn á því hvernig á að vinna með vandann (Healy, 2014).

2.2.3 Fjölskyldukerfiskenning

Fjölskyldukerfiskenning (e. family systems theory) Murray Bowen byggir á kerfiskenningum. Samkvæmt kenningu Bowen er fjölskyldan eitt kerfi eða samansafn af kerfum og undirkerfum. Undirkerfi getur til dæmis verið samband á milli barns og foreldris en innan kerfanna tengjast allir í fjölskyldunni á einhvern hátt (Bowen, 1966; Nichols og Davis, 2017).

Aðgreining sjálfsins (e. differentiation of self) er eitt meginhugtak í áður nefndri kenningu Bowen. Hugtakið vísar til innri tilfinningalegs jafnvægis og tengsl einstaklings við umhverfið. Það felur í sér hæfni til að hugsa sjálfstætt og hvernig við bregðumst við tilfinningalegu álagi án þess að verða fyrir áhrifum frá öðrum. Bowen skiptir aðgreiningu sjálfsins í tvö sjónarhorn sem eru annars vegar há aðgreining (e. differentiated) og hinsvegar lág aðgreining (e. undifferentiated) (Nichols og Davis, 2017).

Einstaklingar með háa aðgreiningu sjálfsins eiga auðveldara með að bregðast við aðstæðum á skynsaman hátt. Þeir hafa jafnvægi á milli hugsana og tilfinninga sinna og búa yfir hæfni til að greina þar á milli. Þá geta þeir upplifað miklar tilfinningar en þó haft stjórn á þeim og staðist það þegar verið er að reyna að koma þeim í tilfinningalegt uppnám. Þeir geta vegið og metið þætti án þess að verða fyrir áhrifum annarra jafnvel þó þeir upplifi kvíða. Þeir taka tillit til annarra og eru sveigjanlegir ef aðstæður breytast. Þeir sem eru með háa aðgreiningu hafa meira þol undir tilfinningalegu álagi en einstaklingur með lága aðgreiningu (Nichols og Davis, 2017).

Einstaklingar með lága aðgreiningu eru yfirleitt í ójafnvægi og skortir að geta greint á milli hugsana sinna og tilfinninga. Þeir eru ósjálfstæðir, reiða sig gjarnan á aðra og verða fyrir áhrifum annarra við ákvörðunartöku. Einstaklingar með lága aðgreiningu bregðast oft við því sem gerist í umhverfi þeirra á öfgakenndan hátt. Þessir einstaklingar eiga erfitt með að sjá sig sem stakan einstakling og sjá sig oft sem hluta af annarri manneskju en alvarlegustu tilfelli af lágri aðgreiningu er jaðarpersónuleikaröskun. Þegar aðgreining er lítil í fjölskyldum getur það orðið til þess að einstaklingur verður of tengdur og háður fjölskyldu sinni. Ef aðgreining er mikil þá verða til sjálfstæðir einstaklingar sem þora að taka sjálfstæðar ákvarðanir (Nichols og Davis, 2017).

2.2.4 Fjölskyldunálgun

Til þess að hafa heildarsýn að leiðarljósi þegar félagsráðgjafi veitir barni þjónustu þarf að leggja áherslu á að þjónusta alla fjölskyldu barnsins. Fjölskyldumiðuð nálgun kemur frá kerfiskenningu en líkt og hefur komið fram áður þá byggir hún á svipaðri hugmyndafræði og heildarsýn (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Samkvæmt kerfiskenningum er ómögulegt að skilja hegðun einstaklings án þess að skoða alla fjölskylduna í heild (Nichols og Davis, 2017). Mannfræðingurinn Gregory Bateson veitti stoð undir beitingu kerfiskenninga í fjölskyldumeðferð. Hann lagði áherslu á að sjá vandamálið í samhengi, skoða hvernig

samskipti bæði skapa og viðhalda vandamálinu ásamt því að skoða hvernig mynstur geta haldist stöðug eða breyst með tímanum. Beiting kerfiskenninga í mannlegum samskiptum hjálpar til við að skoða hegðun fjölskyldumeðlima í núverandi skilyrðum þar sem hegðun hvers einstaklings innan fjölskyldunnar hefur áhrif á aðra (Bowers og Bowers, 2017).

Þar sem fjölskyldur starfa innan flókinna kerfa hafa þær bæði áhrif ásamt því að verða fyrir áhrifum af samfélaginu (Bronfenbrenner, 1979). Líkt og áður kom fram þá þróaði Urie Bronfenbrenner vistfræðikenninguna en hún skoðar allt kerfið sem fjölskyldur tilheyra svo betur sé hægt að skilja samskipti þeirra við umhverfið. Samkvæmt kenningunni verður barn fyrir áhrifum af fjölskyldu sinni sem verður fyrir áhrifum af samfélaginu. Fjölskyldan hefur áhrif á áskoranir barnsins sem getur haft þær afleiðingar að starfsemi og lífsgæði fjölskyldunnar tekur breytingum (Bowers og Bowers, 2017).

Þá hafa Hartman og Laird (1983) sett fram líkan sem byggir á kerfiskenningum. Líkanið gengur út frá því að fjölskyldan er það kerfi sem athyglin beinist að. Samkvæmt þeim er ekki hægt að skilja né hjálpa einstaklingi nema í tengslum við fjölskylduna því fjölskyldan er áhrifamesta kerfið í kringum einstaklinginn. Þannig hefur samspil á milli einstaklings, fjölskyldu og umhverfis áhrif á einstaklinginn, fjölskylduna og það umhverfi sem fjölskyldan tilheyrir. Samkvæmt Hartman og Laird er þetta áhersluatriði í fjölskyldumiðaðri félagsráðgjöf.

2.3 Félagsráðgjöf og þjónusta við börn

Til þess að félagsráðgjafar sem vinna með börnum geti veitt þeim viðeigandi aðstoð og myndað með þeim traust meðferðarsamband þurfa þeir að búa yfir hæfni til að geta valið og notað viðeigandi aðferðir sem henta aldri barnanna. Þá þarf félagsráðgjafi að vera meðvitaður um að þær aðferðir sem henta börnum henta eflaust ekki unglingum og öfugt (Geldard, Geldard og Foo, 2016).

2.3.1 Barnavernd

Barnavernd á Íslandi starfar eftir lögum um barnavernd (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarfélaga en fámenn sveitarfélög sameinast um barnaverndarnefnd þar sem íbúafjöldi að baki hverri nefnd verður að vera yfir 1.500. Hlutverk barnaverndarnefnda er að sinna eftirliti, veita úrræði og sinna öðrum verkefnum. Eftirlit sem barnaverndarnefnd sinnir snýr að því að kanna og meta

uppeldisskilyrði barna sem talið er að búi við óviðunandi aðstæður, hafa verið beitt illri meðferð eða eiga erfitt félagslega. Þau úrræði sem barnavernd beitir verða að vera í þágu barnsins hverju sinni þar sem hagsmunir og velferð barnsins eru í fyrirrúmi. Önnur verkefni sem barnaverndarnefndir sjá um geta falið í sér frekari verkefni sem varðar aðstæður barna og ungmenna sem eru ekki endilega falin í barnaverndarlögum (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Á Íslandi eru í gildi lög sem eiga að vernda börn gegn kynferðisofbeldi (Almenn hegningarlög, nr. 19/1940). Ef upp vaknar grunur um að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi ber öllum, hvort sem það er almenningur eða einstaklingar sem sinna málefnum barna, skylda til að tilkynna það til barnaverndarnefndar (Barnaverndarlög, nr. 80/2002).

Á vegum Barnaverndarstofu starfar úrræði sem nefnist Barnahús en það hóf starfsemi sína í nóvember 1998. Barnahús var stofnað þegar samstarfi var komið á meðal stofnana sem bera ábyrgð á rannsókn og meðferð mála barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Stofnanirnar eru barnaverndaryfirvöld, lögregla, dómarar, ákærvald og læknar. Barnaverndarnefndir bera ábyrgð á vinnslu mála þar sem grunur vaknar um að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi en þær geta óskað eftir þjónustu frá Barnahúsi. Barnahús er vettvangur þar sem börn og foreldrar þeirra geta, með tilvísun frá barnaverndarnefnd, fengið alla þjónustu á einum stað gjaldfrjálst. Þar starfar fagfólk sem hefur hæfni, reynslu og þekkingu til að framkvæma rannsóknarviðtöl við börn en eitt af helstu markmiðum Barnahúss er að koma í veg fyrir frekara áfall barns sem gæti fylgt mörgum viðtölum á ólíkum stöðum og við mismunandi aðila. Hlutverk Barnahúss er einnig að tryggja barni viðeigandi greiningu og meðferð eftir þörfum (Barnaverndarstofa, e.d.).

2.3.2 Viðtalstækni í starfi með börnum

Þegar barn kemur í viðtal hjá félagsráðgjafa er mikilvægt að félagsráðgjafi upplýsi barnið um ástæðu viðtalsins (Sherman, 2015), því sé kynnt réttindi sín ásamt því að barnið finni að því sé trúað. Stuðningur félagsráðgjafa við barn sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi getur verið forsenda trausts sem myndast í sambandi þeirra á milli og er því mikilvægt að varðveita þessi tengsl (Davies og Duckett, 2016). Félagsráðgjafi verður að gæta þess að útskýra fyrir barninu í samræmi við aldur þess og þroska hvað muni fara fram í viðtalinu og hversu lengi það muni standa yfir (Sherman, 2015).

Að taka viðtöl við börn getur verið áskorun fyrir marga en til þess að það beri árangur þarf að búa yfir ákveðinni færni. Með viðtölum við börn gefst tækifæri til að afla þekkingar um veruleika barnsins og felst áskorunin helst í því að ráðgjöfin nýtist sem best og bjóði barninu upp á möguleika til breytinga. Í viðtali við barn getur félagsráðgjafi beitt ýmis konar nálgun sem aðlöguð er aldri barnsins. Dæmi um slíka nálgun er annars vegar einstaklingsmiðuð og hins vegar mannúðleg nálgun. Þegar félagsráðgjafi beitir slíkum aðferðum í vinnu sinni leggur hann áherslu á að mynda sterkt meðferðarsamband við barnið. Það gerir hann með því að vera hlýr í viðmóti, vinalegur, tekur barninu eins og það er, sýnir því umburðarlyndi, er vakandi fyrir tilfinningum barnsins og speglar þær til þess að veita barninu innsýn í eigin líðan. Mikilvægt er að félagsráðgjafi beri virðingu fyrir getu barnsins til að leysa eigin vandamál, stýri ekki samtalinu eða reki á eftir því og setji eingöngu mörk sem þjóna þeim tilgangi að halda barninu í raunveruleikanum (Sherman, 2015).

Líkt og komið hefur fram þarf félagsráðgjafi að hafa aldur barns í huga í viðtali en Sherman (2015) setti fram nokkra punkta sem gott er að hafa í huga þegar unnið er með mismunandi aldurshópum. Börnum á aldrinum fimm til níu ára getur þótt skrítið þegar félagsráðgjafi eyðir tíma í að veita þeim athygli með því að hlusta á þau og leika við þau. Börn á þessum aldri eiga það til að gera ráð fyrir því að félagsráðgjafi sé í yfirvaldsstöðu í viðtalinu sökum þess að hann er fullorðinn einstaklingur. Sú færni sem félagsráðgjafi getur meðal annars nýtt í viðtölum við þennan aldurshóp er að sitja í augnhæð þeirra, til dæmis á púða á gólfinu, útskýra vel hver hann er og hvað felst í viðtalinu, vera vinalegur og hughreystandi. Þegar unnið er með börnum á aldrinum tíu til þrettán ára þarf félagsráðgjafi að hafa í huga að barn á þessum aldri er að komast á unglingsaldur og því fylgja breytingar. Á þessum aldri eru vinir mikilvægur þáttur í lífi barnsins ásamt því sem það gæti byrjað að myndast ágreiningur við foreldra eða kennara. Hér er mikilvægt að félagsráðgjafi virði einkalíf barnsins og sé meðvitaður um að barnið er sérfræðingur í sinni reynslu. Þegar unnið er með börnum á aldrinum fjórtán til átján ára er mikilvægt að félagsráðgjafi hafi í huga þarfir barnsins. Á þessum aldri hafa börn þörf fyrir aukið sjálfstæði og að fóta sig sjálf í hinu fullorðna lífi. Félagsráðgjafi þarf að bera virðingu fyrir erfiðleikum barnsins og geta sýnt því samkennd þrátt fyrir að vandamálið geti virst lítils háttar. Þá þarf félagsráðgjafi að geta séð og metið hlutina með augum barnsins áður en fundin er lausn á vandamálinu (Sherman, 2015).

Geldard, Geldard og Foo (2016) nefna þrjú atriði sem skipta máli þegar unnið er með unglingum. Í fyrsta lagi eru unglingar ekki eins háðir fjölskyldu sinni og yngri börn. Félagskerfið þeirra felur í sér samskipti við jafningja og eru samskipti þeirra við fjölskyldumeðlimi sína að breytast þar sem unglingar sækja í meira sjálfstæði. Félagsráðgjafi þarf að vera meðvitaður um þessi atriði og virða það að unglingar vilja mögulega ekki að fjölskyldur þeirra taki þátt í meðferðarvinnunni á einhvern hátt, þar sem það getur haft áhrif á mótun þeirra sem einstaklingur. Þetta getur skapað erfiðleika fyrir félagsráðgjafa ef foreldrar unglingsins eiga í erfiðleikum með að samþykka þessar breytingar sem eiga sér stað á unglingsárunum. Í öðru lagi eru unglingar þroskaðari en börn sem gerir félagsráðgjöfum kleift að notast við flóknari íhlutunaraðferðir. Í þeim aðstæðum þarf þó að hafa í huga að gætt sé að þroska og sjálfsmynd unglingsins. Í þriðja lagi er mikilvægt að meðferðarsamband á milli félagsráðgjafa og unglings byggist á virðingu þar sem unglingurinn fær að taka þátt í ákvörðunartökum með tilliti til þroska hans (Geldard, Geldard og Foo, 2016). Þá er það á ábyrgð félagsráðgjafa að ætlast ekki til of mikils af börnum í viðtölum né svara unglingum á lítillsverðan hátt (Sherman, 2015).

2.3.3 Rannsóknir á félagsráðgjöf í málum barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi

Í rannsókn frá árinu 2016 var skoðað sjónarmið félagsráðgjafa, sem starfa í barnavernd, á þjónustu þeirra við börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Þá var lögð áhersla á að skoða reynslu félagsráðgjafa af því að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi þar sem myndir af þeim hafa farið í dreifingu á netið. Í þeirri eigindlegu rannsókn voru tekin viðtöl við 14 starfsmenn barnaverndar sem sjá um að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að allir þátttakendur hennar voru fullvissir um að þeir búi yfir færni til að þjónusta þessi börn og byggðu þeir það á þjálfun sinni og reynslu í starfi. Hinsvegar leiddu niðurstöður í ljós að færni þeirra til að veita börnum sem beitt höfðu verið kynferðisofbeldi með myndum á netinu var takmörkuð. Þátttakendur lýstu áhyggjum yfir því að þjálfun þeirra, sem byggð væri á gagnreyndum aðferðum, sé ekki nægur undirbúningur til að sinna þessum málum. Þá þótti þeim einnig vanta sérstakar vinnuaðferðir til að takast á við slík mál (Martin, 2016).

Þá var einnig framkvæmd rannsókn í Bretlandi með þeim tilgangi að skoða sjálfstraust, skilning og vitund á meðal félagsráðgjafa í þjónustu við börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Þessi rannsókn, sem framkvæmd var árið 2014, var gerð því tölur

um fjölda barna í þjónustu hjá barnavernd sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi hafa farið lækandi með árunum þrátt fyrir að fjölgun hafi átt sér stað varðandi tilkynningar um þessi mál. Við framkvæmd rannsóknarinnar var litið til þjálfunar þátttakenda, starfsstaðs þeirra, hlutverks á vinnustað og þverfaglegar þjálfunar á sviði barnaverndar. Lögð var áhersla á félagsráðgjöf með börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldum þeirra. Hluti þátttakendanna taldi sig hafa talsverða reynslu og þekkingu á að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi á meðan aðrir höfðu minni reynslu. Reynsla félagsráðgjafanna var fyrst og fremst fengin úr málum þar sem kynferðisofbeldið var framið af fjölskyldumeðlimi barnsins. Vinnubrögð félagsráðgjafa voru vel þróuð á þessu sviði og auðvelt fyrir þá að ráðfæra sig við samstarfsfólk. Almennt töldu félagsráðgjafarnir sig örugga í að vinna að málum þar sem barn var beitt kynferðisofbeldi en nefndu að sú vinna krefjist undirbúnings. Þá greindu þau frá því að tíma til undirbúnings væri ábótavant og tengdu þau það við skort á starfsfólki ásamt vinnuálagi. Lítið sjálfstraust var að finna hjá þátttakendum þegar málin innihéldu mansal, stafrænt kynferðisofbeldi og þegar þörf var á samstarfi á milli nokkurra stofnana. Þá höfðu fáir þátttakendur haft beina reynslu af vinnu með mansal og lýstu þau yfir stöðugri óvissu um hlutverk þeirra í samstarfi við aðrar stofnanir í þeim málum. Þátttakendum þótti hlutverk þeirra í þessum málum flókið og þurftu þau því oft að læra meðfram starfinu eða vinna undir eftirliti og stuðningi frá reyndari starfsmönnum. Þátttakendur lýstu yfir áhyggjum yfir bið barnanna eftir því að fá aðgang að meðferðarúræði sérstaklega þegar rannsókn málsins er hafin því það gæti haft slæm áhrif á meðferðarvinnuna. Auk þeirrar þekkingar og færni sem þarf til að vinna í þessum málum töluðu félagsráðgjafar um mikilvægi þess að geta metið áhættu og skilið mismunandi tegundir kynferðisofbeldis og þau áhrif sem það hefur á börn (Kwhali, Martin, Brady og Brown, 2016).

2.4 Stuðningur við félagsráðgjafa

Það getur haft veruleg áhrif á heilsu og líðan félagsráðgjafa að hafa afskipti af einstaklingum sem hafa upplifað áfall. Það að hlusta á skjólstæðinga segja frá áfalli sem þau hafa upplifað getur einnig rifjað upp fyrri áföll meðferðaraðila. Þetta getur gerst þrátt fyrir að meðferðaraðili sé búinn að vinna úr sínu áfalli. Slík truflun getur haft áhrif á andlega heilsu meðferðaraðila sem geta varað í skamman eða lengri tíma (Newell og MacNeil, 2010). Butler, Carello og Maguin (2017) rannsökuðu meðferðaraðila sem voru í

klínískri þjálfun í að þjónusta einstaklinga sem hafa upplifað áföll og útsetningu þeirra á að verða sjálfir fyrir áhrifum áfallsins. Niðurstöðurnar sýndu að hátt hlutfall meðferðaraðilanna upplifðu ótta, vanmátt eða hrylling við áfallinu ásamt því sem það leiddi fram truflandi hugsanir og tilfinningar frá eigin lífi. Til að lágmarka áhrif áfalla skjólstæðinga á félagsráðgjafa mæla Naturale og Pulido (2012) með nokkrum þáttum sem geta aðstoðað við að veita félagsráðgjöfum stuðning. Bæði getur stofnunin sem starfað er hjá veitt viðeigandi stuðning sem og félagsráðgjafinn sjálfur. Stofnunin getur meðal annars veitt stuðning við starfsmenn með faglegri handleiðslu og stuðning á meðal jafningja, skipulögðum þjálfunum í starfi, séð til þess að starfsmenn fái viðeigandi pásur og að vinnuálag sé viðunandi. Þá er mikilvægt að félagsráðgjafi sé sjálfur meðvitaður um hættuna á að verða fyrir áhrifum áfalla skjólstæðinga sinna og hugi vel að sjálfum sér. Það getur hann gert með því að fá næga hvíld og slökun, eiga jákvætt samband við fjölskyldu og vini, sinna áhugamálum sínum og vera í núvitund (Naturale og Pulido, 2012).

Samkvæmt nýlegum íslenskum rannsóknum eru félagsráðgjafar sem starfa innan barnaverndar í aukinni hættu á að upplifa mikla streitu og kulnun í starfi. Það er margt sem getur haft áhrif á vinnustreitu á meðal félagsráðgjafa, meðal annars undirmönnun á starfstöðum, mikill málafjöldi á hvern starfsmann og skortur á úrræðum og fjármagni. Ef vinnustreita er til staðar í lengri tíma getur það haft þau áhrif að heilsufari starfsfólks fari hrakandi. Stuðningur í starfsumhverfi er mikilvægur þáttur í að sporna gegn vinnustreitu en stuðningur getur einnig aukið starfsánægju og þar með bætt þjónustu sem starfsfólkið veitir. Ein tegund af stuðningi í starfsumhverfi félagsráðgjafa er handleiðsla (Steinunn Hrafnadóttir, 2020).

2.4.1 Handleiðsla

Handleiðslufræði á uppruna sinn að rekja til Bandaríkjanna þegar félagsráðgjafar hófu að skrifa um handleiðslu á fræðilegum grundvelli. Síðan þá hefur handleiðsla þróast nokkuð en hún hefur verið mikið notuð í starfi af félagsráðgjöfum (Steinunn Hrafnadóttir, 2019). Mary Richmond, einn af frumkvöðlum félagsráðgjafar, skrifaði um handleiðslu í riti sínu Social Diagnosins sem kom út árið 1917. Hún lagði áherslu á að handleiðsla ásamt faglegum vinnubrögðum og skipulagðri skráningu væri forsenda þess að að fagaðili hafi tök á starfi sínu. Áður en rit Mary Richmond kom út voru notuð önnur hugtök yfir handleiðslu og höfðu fræðimenn þá aðallega fjallað um hana sem námstæki út frá

áhrifum sálgreiningar. Félagsráðgjafinn Virginia Robinson skrifaði um handleiðslu í bók sinni *Supervision in Social Case Work* sem kom út árið 1936. Þar fjallaði hún um hlutverk handleiðarans, handleiðslulíkön, námsferlið og þróun fagímyndar. Árið 1937 skrifaði annar brautryðjandi í félagsráðgjöf, Berta Reynolds, um mikilvægi handleiðslu. Bæði Virginia Robinson og Berta Reynolds fjölluðu um faglega sjálfið og hversu mikilvægt það er að aðgreina það frá einstaklingnum sjálfum. Í ritum þeirra beggja leggja þær áherslu á samspil margra þátta í faglegri þróun og þroska (Sigrún Júlíusdóttir, 2000).

Sigrún Júlíusdóttir (2000) skilgreinir handleiðslu sem „aðferð til þess að efla fagmennsku, vernda fagmanninn og tryggja gæði þjónustunnar“. Tilgangur handleiðslu er að draga fram þekkingu og hæfileika fagfólksins svo þessir eiginleikar njóti sín til fulls í starfi. Handleiðsla getur átt sér stað á milli tveggja einstaklinga eða í hópi. Hlutverk handleiðara er að hlusta, styðja og hvetja starfsmanninn ásamt því sem hann bendir á takmarkanir starfsmannsins og þá styrkleika sem hann hefur til að takast á við þær (Weinbach, 2008). Þróun handleiðslu á Íslandi má rekja til ársins 1978 þegar sérfræðingar á geðdeild Landspítalans fengu til sín erlenda kennara og sérfræðinga í handleiðslufræði. Út frá þessu voru haldin námskeið í handleiðslu fyrir fagfólk í heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu (Sigrún Júlíusdóttir, 2000).

Það er viðbúið að þeir sem vinna með einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa upplifað áfall verði sjálfir fyrir einhverjum áhrifum af þeirri vinnu. Til þess að félagsráðgjafi geti skapað öruggar aðstæður fyrir skjólstæðing sinn þarf hann að búa yfir færni til að skilja hvað skjólstæðingurinn er að takast á við, þekkja einkenni afleiðinga áfalla og sýna skjólstæðingnum stuðning við upplifun sína. Þá er mikilvægt að félagsráðgjafar sæki sér handleiðslu til að skoða þau áhrif sem starfið getur haft á persónu þeirra (Auður Ósk Guðmundsdóttir, 2020).

Einungis ein rannsókn á handleiðslu hefur verið gerð á Íslandi þar sem skoðuð var staða handleiðslumála og gerður samanburður á reynslu ólíkra faghópa á handleiðslu (Sigrún Júlíusdóttir, 2000). Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að 90% félagsráðgjafa hafa fengið handleiðslu á starfsferlinum og skáru þeir sig úr öðrum faghópum (Steinunn Hrafnisdóttir, 2019). Í rannsókn þar sem félagsráðgjafar og ráðgjafar sem starfa hjá barnavernd Reykjavíkur voru spurðir um viðhorf sín til vinnuumhverfis sögðust allir fá handleiðslu (Steinunn Hrafnisdóttir, 2012).

2.4.2 Jafningjastuðningur

Stuðningur á meðal jafningja getur átt sér stað innan vinnustaðar. Þá er enginn formlegur leiðbeinandi sem sér um stuðninginn heldur skiptast jafningjar á að veita hver öðrum stuðning sín á milli. Jafningjar geta verið starfsfólk innan sama vinnustaðar sem hefur svipaðar þarfir fyrir stuðning og býr jafnvel yfir svipaðri eða sömu reynslu, þekkingu eða menntun. Rannsóknir hafa sýnt að jafningjastuðningur býr yfir þeim eiginleikum að hann dregur úr álagi starfsfólks ásamt því að stuðla að aukinni færni og þekkingu (Beddoe og Davys, 2016). Helsta gagnrýni jafningjahandleiðslu snýst aðallega um að hún sé ekki leidd af fagaðila sem hefur menntun eða reynslu í handleiðslu og því sé í rauninni ekki rétt að nota hugtakið jafningjahandleiðsla heldur væri jafningjastuðningur eða jafningjasamráð frekar viðeigandi (Martin, Milne og Reiser, 2018).

3 Rannsóknaraðferð og framkvæmd

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeirri rannsóknaraðferð sem notuð var við rannsóknina. Farið verður yfir hvers vegna sú aðferð varð fyrir valinu og hvernig undirbúningur fyrir rannsóknina fór fram ásamt framkvæmd hennar. Fjallað er um val á þátttakendum, hvernig gögnum var aflað og hvernig unnið var úr þeim. Þá er farið yfir takmarkanir rannsóknarinnar og siðferðisleg álitamál.

3.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Í ljósi markmiða rannsóknarinnar verður notast við eigindlega rannsóknaraðferð (e. qualitative methods). Slík aðferð leggur áherslu á að skoða upplifun og reynslu þátttakanda af einhverju ákveðnu fyrirbæri, viðhorfi hans til ákveðinna þátta eða þá merkingu sem þátttakandi leggur á það viðfangsefni sem verið er að fást við hverju sinni (Nielsen, 2011). Eigindleg aðferð veitir rannsakendum tækifæri til að kanna á ítarlegan hátt reynslu þátttakenda sinna og gefur þannig betri innsýn í það hvernig einstaklingar upplifa mismunandi fyrirbæri (McGrath, 2018; Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Notast verður einnig við fyrirbærafræði (e. phenomenology) sem er hugmyndafræði innan eigindlegra rannsóknaraðferða. Með slíkri nálgun er verið að kanna upplifun og reynslu þátttakanda frá hans sjónarhorni. Aðferðin beinist að því að útskýra atburð eða fyrirbæri og veita lýsingu á því út frá sjónarhorni þess sem það upplifir (Sigríður Halldórsdóttir, 2013; Tuffour, 2017).

3.2 Undirbúningur og framkvæmd rannsóknarinnar

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í maí 2021 með gerð rannsóknaráætlunar. Í rannsóknaráætluninni var rannsóknarefnið afmarkað, markmið og tilgangur rannsóknarinnar sett fram og hvaða rannsóknaraðferð yrði notast við. Í kjölfar þess aflaði rannsakandi upplýsinga um hvort leyfi þyrfti fyrir rannsókninni frá Persónuvernd en svo var ekki þar sem þátttakendur eru fullorðnir einstaklingar sem samþykkja að taka þátt í rannsókninni. Í ágúst hófst vinna við að skrifa fræðilega umfjöllun rannsóknarinnar. Í september var leitast eftir þátttakendum fyrir rannsóknina og í framhaldi af því fóru fram eigindleg viðtöl við þátttakendur en þau fóru fram í september og október. Byrjað var um leið að vinna úr gögnum sem söfnuðust úr viðtölunum.

3.3 Úrtak og þátttakendur

Notast verður við markmiðsúrtak (e. purposive sampling) við öflun þátttakenda í rannsókninni. Það sem einkennir slíkt úrtak er að fjöldi þátttakenda er ekki ákveðinn fyrirfram af rannsakanda heldur eru þátttakendur valdir eftir því sem best hentar markmiði rannsóknarinnar. Þátttakendur verða því að hafa persónulega þekkingu og reynslu af viðfangsefninu (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013; Yegidis, Weinbach og Myers, 2017). Þátttakendur rannsóknarinnar voru félagsráðgjafar sem starfa við barnavernd hjá Félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum. Þátttakendurnir höfðu allir reynslu af að veita börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi þjónustu og höfðu vilja til að ígrunda og deila reynslu sinni. Rannsakandi nálgast þátttakendur með því að senda tölvupóst með ósk um þeirra þátttöku. Tölvupóstinum fylgdi ítarlegt kynningarbréf um rannsóknina þar sem markmiði og tilgangi hennar voru gerð skil. Þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni, vinnslu gagna og kynningu á niðurstöðum. Viðtölin fóru fram á vinnustað þátttakenda eða í viðtalsrými sem rannsakandi hafði aðgang að.

3.4 Gagnasöfnun

Í eigindlegum rannsóknum eru viðtöl ýmist opin, djúp, óstöðluð eða hálf-opin (e. semi-structured). Eigindleg viðtöl hafa þann tilgang að veita skilning á því hvernig þátttakandi túlkar viðfangsefnið í sinni tilveru. Leitast er við að ná fram dýpt í umfjöllun um viðfangsefni rannsóknarinnar (Helga Jónsdóttir, 2013; Yegidis, Weinbach og Myers, 2017). Það sem einkennir eigindleg viðtöl er að í þeim felast samræður á milli rannsakanda og þátttakanda þar sem rannsakandi mætir þátttakanda á jafnréttisgrundvelli. Umræðuefni samræðanna er fyrirfram ákveðið af rannsakanda og hefur þann tilgang að safna gögnum um upplifun og reynslu þátttakanda af viðfangsefninu (Helga Jónsdóttir, 2013). Með því að notast við hálf-opin viðtöl er rannsakandi með fyrirfram ákveðnar spurningar en með möguleika á framhaldsspurningum. Það gerir rannsakanda kleift að skoða frekar efni sem kemur upp í viðtalinu, ef það virðist eiga erindi við viðfangsefnið, þó ekki endilega hafi verið spurt um það efni (Grossoehme, 2014). Í hálf-opnum viðtölum er algengt að notast sé við hálfstaðlaðan viðtalsvísi. Með því að notast við hálfstaðlaðan viðtalsvísi er rannsakandi að

draga úr þeim áhrifum sem hann getur haft á viðtalið og skoðanir þátttakanda og er þar af leiðandi að auka áreiðanleika rannsóknarinnar (Helga Jónsdóttir, 2003).

Í rannsókninni verður notast við hálf-opin viðtöl og hálfstaðlaðan viðtalsvísi. Þá verða fyrirfram ákveðnar spurningar listaðar upp til að mynda ákveðinn grunn en með opnum möguleika á frekari spurningum í gegnum viðtalið. Viðtölin verða tekin upp á síma með samþykki þátttakenda.

3.5 Úrvinnsla gagna

Í eiginlegum rannsóknum hefst úrvinnsla gagna í raun áður en gagnasöfnun er lokið. Það má segja að gagnagreining hefjist þegar gagnasöfnun hefst en rannsakandi greinir gögnin samhliða því að afla þeirra. Þegar nýjar upplýsingar hætta að koma fram í gagnasöfnuninni verður ákveðin mettun (e. saturation) í rannsókninni. Þegar komið er á það stig hefur verið safnað nægilegum upplýsingum um viðfangsefnið sem uppfyllir þau skilyrði sem varða bæði magn og gæði (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Hægt er að greina gögn með því að lesa þau oft yfir með það markmið að kóða þau og leita að sameiginlegum þemum (Esterberg, 2002). Þegar verið er að kóða er bæði hægt að einbeita sér að yfirborði innihalds gagnanna eins og þeim orðum sem er að finna í gögnunum eða einbeita sér að dýpri merkingu sem er að finna í gögnunum. Yfirleitt er notast við bæði til að auka dýpt viðfangsefnisins (Yegidis, Weinbach og Myers, 2017). Kóðun (e. coding) getur verið opin kóðun (e. open coding) og markviss kóðun (e. focused coding). Með opinni kóðun er verið að kóða án fyrirframgefna þátta en með markvissri kóðun er verið að kóða samkvæmt fyrirframgefnum þáttum. Hægt er að nota fyrirframgefna þætti til dæmis úr viðtalsvísi (Esterberg, 2002). Í rannsókninni verður notast fyrir markvissa kóðun þar sem leitað verður eftir fyrirframgefnum þáttum sem listaðir eru upp í viðtalsvísi.

3.6 Takmarkanir

Þegar notast er við eiginlega rannsóknaraðferð telst til takmarkana að ekki er hægt að alhæfa niðurstöður yfir á þýði. Eingöngu er hægt að veita innsýn í reynsluheim þátttakenda en þar sem úrtakið er lítið er ekki hægt að draga almennar ályktanir út frá niðurstöðum rannsóknarinnar (Helga Jónsdóttir, 2003).

3.7 Siðferðisleg álitamál

Þegar framkvæma á rannsókn er nauðsynlegt að siðferðislegar kröfur séu uppfylltar. Til að uppfylla siðferðislegar kröfur heilbrigðisgreina er vert að hafa í huga höfuðreglurnar fjórar. Þær eru sjálfræðisreglan, skaðleysisreglan, velgjörðarreglan og réttlætisreglan. Sjálfræðisreglan snýst um að borin sé virðing fyrir einstaklingnum og sjálfræði hans. Upplýsa þarf þátttakendur um fyrirhugaða rannsókn, hvað felst í rannsókninni og þátttöku í henni, hvernig niðurstöður verða birtar og hvernig nafnleynd og fyllsta trúnaðar verði gætt. Veita þarf þátttakendum nægilega vitneskju um eðli rannsóknarinnar svo viðkomandi geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku. Skaðleysisreglan felur í sér mikilvægi þess að rannsakandi sjái til þess að þátttakandi muni ekki hljóta skaða af því að taka þátt í rannsókninni. Velgjörðareglan felur í sér að rannsakandi láti gott af sér leiða og framkvæmi rannsókn sem muni hafa jákvæð áhrif. Réttlætisreglan kveður á um mikilvægi þess að bæði rannsakandi og þátttakendur fái það sem þau eiga skilið út úr rannsókninni (Sigurður Kristinsson, 2013).

Rannsakandi mun hafa þessar fjórar höfuðreglur í huga við framkvæmd rannsóknarinnar til að uppfylla siðferðislegar kröfur. Engin áhætta fólst í þátttöku í rannsókninni en þátttakendum var gerð grein fyrir því að þeir höfðu möguleika á að hætta þátttöku á hvaða tímapunkti sem er án frekari útskýringa. Við rannsóknina var gætt að trúnaði og nafnleynd sem og að svörin eru hvergi persónugreinanleg.

4 Niðurstöður

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar ásamt þeim þemum og undirþemum sem komu fram við greiningu gagna. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig félagsráðgjöfum, sem starfa við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum, þykir hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtast við að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Þá var einnig litið til þess hvernig stuðningi við félagsráðgjafa sem vinna í slíkum málum innan barnaverndar er háttað og hvernig félagsráðgjafar telja að sá stuðningur nýtist þeim í starfi.

Þátttakendur rannsóknarinnar eru sex félagsráðgjafar sem starfa í barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum. Tekið var eitt viðtal við hvern þátttakanda en allir hafa þeir lokið námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda og starfa núna við að sinna málum barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Þátttakendur voru konur á aldrinum 39-61 árs og eru með skráð lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum. Vert er að taka fram að reynt var að hafa fjölbreyttara kynjahlutfall í rannsókninni en eingöngu konur buðu fram þátttöku sína.

Líkt og hefur komið fram studdist rannsakandi við viðtalsvísi (sjá Viðauka III) í viðtölunum þar sem þátttakendur voru meðal annars spurðir út í faglega þjálfun og þekkingu til að starfa sem barnaverndarstarfsmaður sem sinnir kynferðisofbeldismálum, álit þeirra á hugmyndafræði félagsráðgjafar og hvernig þeim þykir hún nýtast í starfi ásamt viðhorfi þeirra til stuðnings sem þeim er veittur í starfinu.

Við greiningu gagna var hægt að greina fjögur þemu ásamt níu undirþemum. Fyrsta þemað er *fagleg þjálfun fyrir barnaverndarstarf*, það myndar undirþemun *fræðsla og undirbúningur*. Annað þemað er *hugmyndafræði félagsráðgjafar* sem myndar undirþemun *heildarsýn og kenningar*. Þriðja þemað er *aðkoma félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum* en það myndar undirþemun *hlutverk félagsráðgjafa, áhrif á félagsráðgjafa og viðtöl við börn*. Fjórða þemað er *stuðningur* sem myndar undirþemun *formlegur stuðningur og óformlegur stuðningur*. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um þau þemu sem komu fram ásamt undirþemum með því að túlka frásagnir þátttakenda með tilvitnunum, bæði beinum og óbeinum.

Til að hægt sé að tryggja trúnað og nafnleynd við þátttakendur rannsóknarinnar er ekki gerður greinarmunur á frásögnum þeirra með því að notast við dulnefni heldur var ákveðið að fjalla um þátttakendur rannsóknarinnar sem þátttakendur.

4.1 Fagleg þjálfun fyrir barnaverndarstarf

Í viðtölum við þátttakendur voru þeir spurðir út í faglega þjálfun sem þeir höfðu fengið áður en þeir hófu að starfa í barnavernd og á meðan þeir hafa starfað þar. Gögnin mynduðu tvö undirþemu: *Fræðsla og undirbúningur*.

4.1.1 Fræðsla

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir höfðu fengið einhverja sérstaka fræðslu um umfang, eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis gegn börnum, hvort sem það væri í tengslum við þá stofnun sem þeir hafa unnið fyrir eða sótt hana á eigin vegum. Allir þátttakendur höfðu aflað sér einhverskonar fræðslu í starfi sínu, hvort sem það voru námskeið, ráðstefnur eða málþing, bæði hérlendis og erlendis. Tveir þátttakendur nefndu að það væri ekki mikið um námskeið og fræðslu sem fjalla einvörðungu um kynferðisofbeldi gegn börnum á Íslandi. Þá tók annar þátttakandi undir það og bætti við að sú þekking sem hann hefur aflað sér úr öðrum námskeiðum sem varða ofbeldi og áföll nýtist honum einnig í kynferðisofbeldismálum. Einn þátttakandi hafði eftirfarandi að segja þegar hann var spurður að því hvort stofnunin sem hann starfi hjá standi fyrir einhverskonar fræðslu:

Það er nú ekki staðið fyrir mikið af námskeiðum á vegum svona eins og opinberra stofnana það eru ekki staðir fyrir svona námskeið eða málþingum, þetta er aðallega hjá aðilum sem að eru að vinna í málaflokkinum sem að koma með þetta já Barnaverndarstofa til dæmis.

Einn þátttakandi greindi frá því að hann sækir sér reglulega fræðslu og námskeið á eigin vegum bæði hérlendis og erlendis til að efla sjálfan sig í starfinu. Til þess notar hann styrk frá stéttarfélagi sínu:

Ég hef verið bara frekar dugleg að sækja mér bara námskeið sjálf, ég er líka með svona áfallagráðu frá Bandaríkjunum sem ég er búin að vera að taka til þess að hjálpa sem sagt börnum sem hafa orðið fyrir ofbeldi [...] ég hef verið að fara á ráðstefnur erlendis sem tengjast líkamlegu og kynferðisofbeldi gagnvart börnum [...] og svo er ég aðeins byrjuð að læra HAM og svoleiðis.

Þá greindi einn þátttakandi frá því að yfirmaður sinn hvetji sig til að sækja sér fræðslu og námskeið á eigin vegum: „Það er allt svona mjög sjálfsagt hjá okkur, ef það er eitthvað svona sem gæti styrkt okkur í því sem við erum að gera.“

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hafi fengið einhverja sérstaka faglega þjálfun í meðferð eða nálgunum í málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Enginn þátttakendanna hafði fengið sérstaka þjálfun til að vinna slík mál í starfi sínu hjá barnavernd. Þá bentu tveir þátttakendur á að þeir höfðu fengið handleiðslu frá samstarfsfólki sínu sem væri að starfa í sama málaflokki þegar þeir hófu störf. Þrír þátttakendur höfðu orð á að nám í félagsráðgjöf til starfsréttinda væri í raun fagleg þjálfun fyrir starf á þessum vettvangi, þar með talið að sinna slíkum málum. Þá hafði einn þátttakandi þetta að segja varðandi þá faglegu þjálfun sem hlýst úr námi félagsráðgjafar:

[...] maður fer bara eftir lögum og reglugerðum sem að segja manni nú töluvert mikið um hvernig maður á að haga sér í þessum málaflokki [...] og öllum stöðlum um þessi mál þannig að það er þessi rammi sem er utan um þetta og svo náttúrulega fagið bara félagsráðgjafarfagið það er það sem að er heldur utan um þetta.

Einn þátttakandi nefndi að hann myndi vilja að staðið yrði fyrir starfsdegi fyrir félagsráðgjafa sem sjá um kynferðisofbeldismál sem myndi einkennast af fræðslu og þjálfun í vinnslu slíkra mála. Þykir honum mikilvægt að fá að heyra hvernig aðrar barnaverndarnefndir vinna slík mál svo hægt sé að læra af þeim og sjá hvernig hægt væri að gera betur eftir ráðleggingum frá Barnahúsi:

[...] það mætti alveg vera svona einn dagur á ári sem væri svona meira sérsniðinn að svona hverjum málaflokki fyrir sig og þá bara er það fyrir landið allt. Þá held ég nefnilega að nefndirnar myndu leggja áherslu á að starfsmennirnir færu af því þar er bara svona sameiginleg þekking og samtal um hvað er hægt að gera betur. Allar nefndirnar myndi náttúrulega græða á þessu [...].

4.1.2 Undirbúningur

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeim þóttu þeir vera undirbúnir fyrir starf í barnavernd eftir nám í félagsráðgjöf til starfsréttinda. Tveir þátttakendur þóttu þeir vera nægilega undirbúnir til að hefja störf hjá barnavernd þegar að því kom. Þá voru allir þátttakendur sammála um að erfitt sé að undirbúa starfsmann eingöngu með námi til þess að starfa hjá barnavernd þar sem þjálfunin felst að stórum hluta í sjálfu starfinu með því að vinna verkin. Einn þátttakandi nefndi að hann teldi að ekki væri hægt að búa neinn sérstaklega

undir það að starfa í barnavernd frekar en í öðrum störfum. Þá hafði annar þátttakandi eftirfarandi að segja:

Auðvitað er barnaverndin svolítið sérhæft, þetta er náttúrulega bara unnið út frá lagarammanum og það líða náttúrulega tvö ár síðan ég útskrifast þar til ég fer í barnaverndina [...] maður þarf alltaf að starfa bara algjörlega eftir lagarammanum og maður fær bara alltaf ákveðinn málafjölda í hausinn sem maður veit ekkert upp né niður í þegar maður byrjar þannig að þú veist maður byrjar svolítið í djúpu lauginni.

Þátttakendur voru einnig spurðir að því hvernig þeim hafi fundist þeir tilbúnir til að sinna málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Þátttakendur voru sammála líkt og með fyrri spurninguna um að erfitt sé að undirbúa einhvern fyrir slík störf því þjálfunin felst að stórum hluta í að framkvæma starfið sjálft. Einn þátttakandi hafði þetta að segja:

Þetta er bara einn þátturinn í náminu og það er alltaf spurning um hvað maður getur sérhæft sig í og hvað maður þarf að gera það lengi, það er ég hugsa að það sé endalaust hægt að halda áfram í námi en hérna en að vinna verkin það er líka bara og reynslan sem að hérna náttúrulega gerir mann hæfan en grunnurinn er náttúrulega námið.

Tveir þátttakendur greindu frá því að þeim þótti þeir alls ekki tilbúnir til að starfa í barnavernd, þá sérstaklega við að sinna kynferðisofbeldismálum en það hafi þó vanist fljótt. Einn þátttakandinn fékk úthlutað starfsnám í barnavernd þegar hann var í félagsráðgjafarnámi til starfsréttinda og lýsti viðbrögðum sínum á eftirfarandi hátt:

[...] þetta var eina starfið sem ég ætlaði aldrei að vinna og ég fékk næstum því taugaáfall þegar mér var úthlutað þetta og ég fór bara í áfalli þarna inn [...].

Þá hafði einn þátttakandi orð á því að það hefði mátt undirbúa hann betur í að gera greinargerðir og slíkt þar sem í starfinu felst mikil skrifinska:

Það er meira svona praktík sem má undirbúa mann í eins og þú veist að taka saman aðalatriði, aukaatriði, spurningatækni, þú veist að vera forvitinn og líka bara með opnu spurningarnar að skipuleggja sig. Allskonar svona sem er hægt að undirbúa mann fyrir en svo er bara sumt það er ekkert hægt að undirbúa mann fyrir sumt.

Einn þátttakandi greindi frá því að það sem kom honum mest á óvart við að hefja starf hjá barnavernd væri að flesta daga vissi hann ekki hverju hann ætti von á þann vinnudaginn því enginn dagur væri eins:

[...] dagurinn fer aldrei eins og þú ætlar að láta hann fara það er eiginlega það eina sem þú getur treyst á og þú munt aldrei horfa á sápuóperu aftur í lífi þínu af því að líf þitt er sápuópera í þessu starfi þú veist það eru hlutir að gerast sem þú hefur bara ekki ímyndunarafli í það er bara þannig [...].

4.2 Hugmyndafræði félagsráðgjafar

Í viðtölum við þátttakendur voru þeir spurðir út í hugmyndafræði félagsráðgjafar og hvernig þeim þykir hún hafa nýst sér í starfi sínu við að sinna kynferðisofbeldismálum hjá barnavernd. Gögnin mynduðu tvö undirþemu: *Heildarsýn og kenningar*.

4.2.1 Heildarsýn

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeim þyki hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtast í starfi þar sem börn hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Einn þátttakandi sagði: „Þessi heildræna nálgun, hún á alltaf við í öllum málum hvort sem það er kynferðisbrotamál eða önnur.“ Þá voru allir þátttakendur sammála um að allt sem þeir læra í félagsráðgjafarnámi nýtist þeim í starfinu á einhvern hátt:

Það er alveg 100% þannig að við erum að nýta okkur þetta og ef við kynnum þetta ekki þá værum við ekki almennilegir starfsmenn [...].

Þátttakendur voru spurðir út í hvað þeim fyndist helst nýtast þeim úr hugmyndafræði félagsráðgjafar í starfi sínu í barnavernd. Allir þátttakendur nefndu heildarsýn sem ákveðinn grunn í starfi þeirra líkt og einn þátttakandi sagði: „Mér finnst náttúrulega heildarsýnin vera það sem er bara okkar styrkleiki í vinnu“. Einn þátttakandi lýsti því hvernig heildarsýn birtist í vinnu sinni:

Það er búið að þjálfra mig í að sýna ákveðinn skilning og vera með ákveðinn hugsunarhátt [...] þetta er óvinsæl skoðun og hún er ekki hávær en hún er á milli okkar félagsráðgjafanna að það er eitthvað öðruvísi, það er bara þannig. Það er bara það er ekki hægt að setja eitthvað beint fingurinn á það bara hún hugsar öðruvísi en ég að þessu leyti eða hinu leytinu en það er eitthvað öðruvísi.

Þá voru þátttakendur sammála um að heildarsýn ætti vel við í barnavernd í málum þar sem barn hefur verið beitt kynferðisofbeldi. Einn þátttakandi sagði eftirfarandi:

Mér finnst það bara svo mikilvægt í úrlausn á viðfangsefninu sem við erum með hvort sem við erum að vinna í barnavernd eða með fötluðum, öldruðum, við þurfum alltaf að horfa ekki bara hérna á einstaklinginn einann heldur er hann, fjölskyldan og jafnvel stórfjölskyldan, það sem er í kring, mér finnst þetta mikilvægast þegar við erum að vinna með fólk, að hafa þessa heildarsýn. [...] maðurinn er aldrei eyland þú þarft alltaf að skoða hann í einhverju samhengi, hvernig sem samhengið hans er.

Annar þátttakandi tók undir það og bætti við að það þurfi alltaf að hugsa um öll kerfin í kringum barnið í slíkum málum því barn er aldrei eitt, það er alltaf einhver í kringum barnið sem þarf einnig að hafa í huga þegar unnið er að slíkum málum:

[...] þetta er ekki bara eitt barn og maður þarf svo alltaf að vera að hugsa bara hvað þarf barnið, hvað þarf mamman, hvað þarf pabbinn, hvað þarf fóstur fjölskyldan, hvað þarf stuðnings fjölskyldan, hvað þarf þessi, hvað þarf hinn, þú veist og þú þarft alltaf að vera að spá í bara fjölskyldan sem heild, hvað þarf hún og hvað þurfa kerfin og þetta kerfi þarf þetta frá mér og þetta kerfi vill þetta [...].

Einn þátttakandi benti á mikilvægi þess að nýta heildarsýnina þegar unnið er með barn sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi og fjölskyldu þess:

Það er mjög mikilvægt þegar börn eiga í hlut að nálgast fjölskylduna sem heild þegar barn er þolandi og reyna að fá mynd af því hvernig barnið er stutt í fjölskyldunni því fjölskyldan er mikilvægasti stuðningsaðilinn við barnið [...] það er alltaf fyrst og síðast fjölskyldan sem að ræður úrslitum hvernig gengur þannig það finnst mér vera mikilvægt, það er þetta fjölskyldan sem kerfi og dýnamíkin í fjölskyldunni sem að skiptir máli [...].

4.2.2 Kenningar

Þátttakendur greindu frá því að þær kenningar sem þeir hafa lært um í félagsráðgjafarnámi nýtist í starfinu og lýsti einn þátttakandi því á eftirfarandi hátt: „Það fléttast alltaf inn í alla vinnu“. Þá voru allir þátttakendur sammála um að þó þeir séu meðvitaðir um þær kenningar sem kenndar eru í náminu þá séu þeir ekki endilega að vinna hvert mál eftir ákveðinni kenningu hverju sinni:

Maður er alveg meðvitaður um þessar kenningar sem við erum búin að læra en í praktík þá þú veist þú setur ekki í dagál já hérna undirrituð hefur ákveðið að vinna út frá tengslakenningu Bowlbys í þessu máli og telur þær henta [...] maður er yfirleitt að tvinna alveg nokkrar og maður er líka ekkert að analyzera sig eftir á eitthvað ég ætla að vinna út frá þessu dudud það er ekki þannig.

Fjórir þátttakendur greindu frá því að hugmyndafræði félagsráðgjafar væri „stimpluð“ í þá og þeir ynnu eftir henni án þess að þurfa sérstaklega að hugsa um hana í hverju máli. Einn þátttakandi lýsti því á eftirfarandi hátt:

[...] kenningarnar og hugmyndafræðin eru vinnutæki til þess að greina vandann [...] þegar maður er orðinn aðeins þjálfari þá er þetta kannski eitthvað ómeðvitað kannski meðvitað líka en maður hugsar ekki já ég er með Baumrind þú veist en maður er með einhverja hugmyndafræði um það hvernig þroskinn eigi að vera og hvernig önnur hugmyndafræði er, þú aðhyllist þá kannski frekar þessa heldur en þessa eða þá að maður getur notað það bæði.

Þá sagði annar þátttakandi að nám í félagsráðgjöf hafi þjálfað hann í að hugsa eftir kenningarlegum ramma sem finna má í hugmyndafræði félagsráðgjafar. Þá þurfi hann ekki að einbeita sér að kenningum í vinnslu mála heldur gerist það ósjálfrátt:

Manni líður eins og maður sé að improvisa en maður er samt að þú veist undir niðri ertu samt alltaf með sömu uppskriftina þó manni líði kannski stundum eins og maður sé bara að gera eitthvað en maður er aldrei að gera bara eitthvað þú veist maður er búinn að gera þetta 100 sinnum.

Þá gagnrýndi einn þátttakandi áherslu á kenningar í félagsráðgjafarnámi til starfsréttinda og hefði viljað hafa meiri þjálfun í að vinna mál líkt og þau sem unnin eru í barnavernd, því það gæfi betri undirbúning fyrir starfsvettvang:

Mér finnst hérna alltof mikil áhersla í mastersnáminu á einhverjar kenningar, við erum búin að vera í því í BA náminu og mér finnst að við eigum að vera meira í praktík í MA náminu þannig að ég er ekkert sjúklega ánægð með námið [...].

4.3 Aðkoma félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum

Í viðtölum við þátttakendur voru þeir spurðir út í starf þeirra í vinnslu kynferðisofbeldismála. Gögnin mynduðu þrjú undirþemu: *Hlutverk félagsráðgjafa, áhrif á félagsráðgjafa og viðtöl við börn.*

4.3.1 Hlutverk félagsráðgjafa

Allir þátttakendur greindu lauslega frá verkferli þeirra í kynferðisofbeldismálum. Einn þátttakandi lýsti því á eftirfarandi hátt:

[...] í flestum tilfellum þá er það þannig að maður hefur samband við foreldra, hittir barnið áður til dæmis ef það fer í Barnahús [...] þetta er ákveðið ferli en við erum aldrei að sinna meðferðarvinnunni, við erum bara að sinna málavinnslunni barnaverndarmálsins svo bara fer það í úrræði þegar að verið er að vinna úr því, ég sé bara um að vísa í úrræði [...].

Tveir þátttakendur sjá aðallega um vinnslu kynferðisofbeldismála á þeirri stofnun sem þeir starfa hjá og fjórir þátttakendur sjá um vinnslu kynferðisofbeldismála á meðal annarra verkefna á sinni stofnun. Einn þátttakandi nefndi að það sé yfirleitt minni sérhæfing á milli málaflokka þegar sveitarfélögin eru minni. Fannst honum það geta talist bæði sem kostur og galli:

Þegar þú ert ekki í þessum málum alltaf þá kannski ertu ekki alltaf inn í þú veist öllu. Það koma alltaf upp oft upp einhverskonar mál sem maður hefur ekki fengist við áður en hérna hinsvegar finnst mér alveg mjög skemmtilegt að vera ekki bara í einhverju

einu, bara fjölbreytnin, bara fyrir mig og maður lærir líka alveg svolítið á því að vera svona í öllu [...].

Þá benti annar þátttakandi sem starfar einnig hjá stofnun þar sem ekki er sérhæfing innan barnaverndar á eftirfarandi:

[...] segjum sem svo að þú dyttir út eða þú myndir hætta bara bíddu þá þarf að fara að þjálfa upp nýjan í staðinn fyrir að allir geti farið.

Einn þátttakandi greindi frá því að hann sjái yfirleitt einn um kynferðisofbeldismál á stofnuninni sem hann starfar hjá: „Þetta er svona málaflokkur sem ekkert hver sem er treystir sér í“. Þá benti einn þátttakandi á að félagsráðgjafar hjá stærri sveitarfélögum séu yfirleitt öruggari í vinnubrögðum í vinnslu kynferðisofbeldismála þar sem þau koma oftast upp þar:

[...] fyrstu þrjá mánuðina á þessu ári fékk ég úthlutað kynferðisbrotamáli í hverri einustu viku og stundum fleiri en einu, þú veist þetta er bara svo misjafnt þannig að ég er orðin alveg vel þjálfuð og æfð í þessu en svo kannski ef það kemur eitt mál á mánuði í einhverja nefndina þá er það náttúrulega miklu meira óöryggi.

Þátttakendur lýstu ánægju yfir starfi Barnahúss þegar þeir hafa vísað málum þangað. Þá greindu tveir þátttakendur frá því að mikil bið væri eftir þjónustu frá Barnahúsi en það er eitt sinnar tegundar hér á landi: „Það er eiginlega að verða sprungið utan af sér“. Allir þátttakendur greindu frá því að í verkferli þeirra þegar um kynferðisofbeldismál er að ræða þá sé barni vísað í Barnahús þegar þörf er á sérhæfðri þjónustu:

[...] stundum bara þurfa þeir sem verða fyrir kynferðisofbeldi að fá sérhæfða viðtalsmeðferð sem fer þá fram í Barnahúsi þannig við erum sjaldnast að sinna einhverri meðferð en við erum þá kannski að vísa í einhverja meðferð í kjölfarið [...].

Þá greindi einn þátttakandi, sem bætt hefur við sig menntun í áfallavinnu, að hann sé að taka unglinga í áfallaviðtöl á meðan á bið stendur eftir meðferð í Barnahúsi:

Núna í covid er búið að vera rosa biðröð í Barnahús, það eru alveg 3-5 mánaða bið eftir meðferð þar sem bara gengur ekki upp þegar barnið er loksins búið að greina frá broti og ég er búin að vera til dæmis með nokkra unglinga sem hafa bara ekki meikað að bíða í svona áfallaviðtölum hjá mér án þess að fara í svona áfallameðferð, þú veist ég þarf bara að hjálpa þeim að halda sér á floti þangað til þau komast í áfallameðferðina [...].

Þátttakendur töluðu um að þegar barn greinir frá kynferðisofbeldi þá verði mikið uppnám í kerfum í kringum barnið. Þá sagði einn þátttakandi að það falli oft í hans starf að róa

foreldra barnsins ásamt kerfum eins og grunnskóla eða leikskóla sem barnið gengur í þegar það greinir frá kynferðisofbeldi:

[...] fólk finnst þetta rosalega óþægilegt um leið og þetta er orðið eitthvað svona kynferðislegt að þá eru allir einhverneginn bakka allir, vita ekki hvað þeir mega segja, vita ekki hvað þeir eiga að segja [...] það verður upp svolítið svona fótur og fit einhvernveginn í svona öllu nærumhverfi hjá barninu [...].

Tveir þátttakendur greindu frá því að stafrænt kynferðisofbeldi væri búið að vera áberandi í vinnu þeirra undanfarið. Annar þátttakandinn nefndi stafrænt kynferðisofbeldi þar sem strákar eru að borga stúlkum fyrir að senda sér myndir. hinn þátttakandinn tók undir það og bætti við að það hafi verið að koma upp undanfarið þar sem stúlkur séu að senda eldri karlmönnum myndir af sér til að fá pening:

[...] það er kannski á milli svona jafnaldra kannski í grunnskólum þar sem einhver er að senda myndir og til einhvers og líka svolítið verið að koma upp að það eru stelpur hér sem eru að senda þú veist myndir af sér til einhverra eldri karlmanna eða sugar daddy og fá pening [...] þetta eru kannski börn sem skortir ekkert og þau fá alveg vasapeninga þetta er bara eitthvað svona extra.

Einn þátttakandinn talaði um að hann fyndi fyrir aukningu á tilkynningum á stafrænu ofbeldi í kjölfar metoo byltingarinnar. Þá talaði hann um að í mörgum tilvikum væru það unglingar sem væru stíga sín fyrstu skref í að eiga nán samskipti við annan einstakling:

[...] svo finnst mér líka út af metoo og þú veist það eru bara ungir krakkar sem eru að stíga sín fyrstu skref þú veist að kyssast og eiga kærasta og eitthvað svona og það eru svolítið bara hann fór yfir mörkin mín og svo náttúrulega misjafnt hver þau eru.

Þá nefndi sami þátttakandi að þegar um slík mál væri að ræða þá væri hann oft að sinna bæði þolanda og geranda:

[...] maður verður náttúrulega að passa sig á því oft eru þú veist það getur alveg verið þannig að þú sért að sinna bæði þá fórnarlambi og geranda og þú veist þú verður náttúrulega þú verður að passa þig að koma vel fram við alla og vera ekki búin að stimpla einhvern bara koma og hlusta og hérna og svo eru náttúrulega foreldrar þessara barna öll í sjokki hvort sem það er gerandi eða þolandi og maður þarf að geta veitt öllum stuðning.

Fjórir þátttakendur töluðu um hlutverk þeirra gagnvart foreldrum þeirra barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Einn þátttakandi greindi frá því að ástæðan fyrir því að hann hafi ákveðið að mennta sig í áfallavinnu væri vegna þessara foreldra sem sitja eftir í áfalli eftir að einhver hefur brotið á barni þeirra. Þá töluðu þátttakendur um að þeir sjái um að

veita foreldrum stuðning og fræðslu þegar barn þeirra hefur verið beitt kynferðisofbeldi. Einn þátttakandi talaði um að hann sjái mikið um að fræða og leiðbeina foreldrum þessara barna um þær breytingar sem geta orðið hjá börnum í kjölfar kynferðisofbeldis:

Við erum í samskiptum við þessa foreldra og við hittum þau og við tökum viðtöl og oft erum við með þau svolítið á brjósti skiluru mig þú veist þegar það koma upp svona krísur þú veist fólk getur hringt og hringt og verið hrætt og óörugg og allskonar og hérna maður er svolítið að ræða við foreldra um það og leiðbeina þeim hvað á að gera [...] það þarf að fylgjast með líðan og fylgjast með hegðun og fylgjast með lyst og fylgjast með svefn þú veist allskonar hlutum og hérna ég myndi segja að við tökum þessa fræðslu mikið að okkur [...].

Einn þátttakandi sagði að félagsráðgjafar væru í „startlínunni“ með foreldra þessara barna og sjái því yfirleitt um þessa fræðslu. Þá talaði hann um að hann vissi ekki til þess að það væri neinn staður sem hægt væri að vísa foreldrum í sérhæfða fræðslu varðandi kynferðisofbeldi sem barn þeirra hefur orðið fyrir, fyrir utan hjá sálfræðingum.

4.3.2 Áhrif á félagsráðgjafa

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeim gangi að skilja vinnuna eftir í vinnunni í lok dags. Einn þátttakandi sagði að hann væri með þakrennuniðurfall á húsinu sínu og þegar hann gangi fram hjá því þá væri hann farinn úr vinnunni. Þá sagði annar þátttakandi að hann væri alltaf að verða flinkari í að aðskilja vinnu frá frítíma sínum en sum mál ættu til að leggjast þungt á hann og því taki hann þau ósjálfrátt með sér heim. Annar þátttakandi sagðist yfirleitt eiga auðvelt með að skilja vinnuna eftir í lok dags en benti á að málin hafi alltaf einhver áhrif á hann, annað væri óeðlilegt:

[...] það kemur alltaf eitthvað inn skiluru þú ert ekki manneskja og getur bara gert eitt hér og svo ertu bara hér þú veist það er bara þannig það er erfitt þá hefur það auðvitað einhverntíman haft áhrif, kannski ekki dagsdaglega en það getur auðvitað komið upp eitthvað ég held að annars væri maður ekki mannlegur [...] maður væri alltaf eins og robot bara nei það er ekki svoleiðis.

Einn þátttakandi talaði um að vinnan hafi stundum þau áhrif á hann að suma daga sé hann feginn að koma heim í tómt hús eftir vinnu því þá þarf hann ekki að tala við neinn:

Ég er bara búin, ég er bara búin að tala fyrir viku og hlusta og þú veist og maður finnur það af því þú veist þetta er mitt verkfæri röddin mín og hausinn minn er verkfæri mitt [...] þannig tekur þessi vinna alveg toll af manni sko.

Þá nefndi sami þátttakandi að það sé ekki óalgengt að fara að gráta í vinnunni eða sjá samstarfsfélagi sína gráta í vinnunni. Hann kippir sér ekkert upp við það því álagið sem fylgir starfinu hafi þessi áhrif á mann:

[...] það er bara mjög eðlilegt að fara að gráta í vinnunni [...] bara álag eða einhver leiðinlegur við mann og maður bara búinn að eiga shitty viku eða eitthvað skiluru en það bara maður kippir sér ekkert upp við það að það sé einhver að gráta í vinnunni.

4.3.3 Viðtöl við börn

Þátttakendur greindu frá mikilvægi þess að hafa ekki áhrif á framburð barns í viðtölum. Fimm þátttakendur ræddu um að oft sé flókið að vita hversu mikið eða djúpt á að fara í málið þegar barn greinir frá kynferðisofbeldi til að hafa ekki áhrif á frásögn barnsins:

[...] maður er alltaf hræddur um að hafa áhrif á framburð barnsins en samt að vera með einhverja frásögn þannig að maður viti nokkurn veginn, þarf að leggja fram kæru, þarf að óska eftir lögreglurannsókn, maður gerir það ekki kannski með lítið í höndunum [...].

Fjórir þátttakendur greindu frá því að það væri munur á því hvernig þeir vinna mál eftir aldri barnanna því börn hafa mismunandi þarfir eftir aldri. Einn þátttakandi talaði um að það væri mismunandi hvað hann þarf að gera fyrir barn sem er þriggja ára og fyrir barn sem er að verða átján ára, bæði vegna þess að þau hafa ólíkar þarfir og vegna þess að engin mál séu eins. Þá töluðu allir þátttakendurnir um að það þarf alltaf að hafa aldur barns í huga þegar talað er við þau því þau skilja mismikið:

Það er ákveðið eftir aldri er svona hvað barnið skilur og hvað má ætlast til eftir þroska þess þú veist hvað og hvernig, hvenær þú veist hvenær þú getur spurt þessara spurninga af því þau eru svo svona lost í tíma og rúmi og maður þarf að vera meðvitaður um það líka þú veist.

Tveir þátttakendur lýstu viðtölum við ung börn sem „mjög vandmeðfarið“. Þá greindi einn þátttakandi frá því að hann væri stundum óviss með hvernig ætti að beita viðtalstækni við ung börn þegar það þarf að útskýra fyrir þeim hvað ofbeldi sé án þess að hafa áhrif á sjálft barnið eða á framburð þess né spyrja leiðandi spurninga. Einn þátttakandi lýsti viðtölum sem hann á við börn á eftirfarandi hátt:

[...] þú sérð mig oftast sitjandi á gólfinu með einhver börn að leika við þau af því ég er að ræða við þau hefur einhver komið við þig á einkastöðunum og það er ekkert eitthvað svisvona að ræða það við barn og segja svo bless skiluru þú þarft alveg að vera búin að læra svona ákveðna viðtalstækni.

Einn þátttakandi talaði um að þegar um unglinga sé að ræða þá finnist honum gott að leggja orðin á borðið. Það gerir hann með því að láta unglinginn vita að hann megi nota þau orð sem honum langar til að nota til að lýsa því sem gerst hefur:

[...] við notum þessi orð og þú notar bara þau orð sem þér finnst þægilegt [...] þetta eru bara orð eins og hin nema við búum til svo mikið í kring einhvernveginn þú veist við erum búin að ákveða að það sé dónalegt [...].

Sami þátttakandi talaði líka um að félagsráðgjafar og aðrir sem koma að kynferðisofbeldismálum verði að geta hlustað á börn nota þau orð sem þau kjósa að nota. Þá þurfa félagsráðgjafar líka að geta notað þessi orð sjálfir en það getur verið mikilvægur þáttur þegar barn er að greina frá kynferðisofbeldi:

[...] þú þarft einhvernveginn að aðskilja tilfinningarnar frá þessum orðum af því þau verða að finna að okkur finnist þægilegt að segja þessi orð af því þá geta þau notað þau. [...] Við megum ekki nota orðin nema börnin séu búin að segja þau fyrst ef þau nota einhver önnur orð þú veist ef að stelpa segjir þjalla eða eitthvað skiluru [...].

Einn þátttakandi hefur klárað nám í kynjafræði sem hann telur koma sér vel í starfi sínu hjá barnavernd þar sem hann er oft að sjá um mál þar sem unglingar eða börn eru að velta fyrir sér í hverskonar líkama þau eru og kynhneigð sinni:

[...] það hjálpaði mér hvernig ég tala við til dæmis ungmenni sem eru að velta þessu fyrir sér, hvað ég verð að forðast og hvað er í lagi, þú veist hvaða orð ég nota, hvaða fornöfn ég nota, persónufornöfn, eignarfornöfn, það kenndi mér það svo ég held bara að öll ný þekking og fræðsla og það sem maður tileinkar sér hjálpi manni í þessu starfi, hvað svo sem maður hefur áhuga á [...].

4.4 Stuðningur í starfi

Þátttakendur voru spurðir hvort stofnunin sem þeir starfa hjá bjóði upp á stuðning fyrir þá starfsmenn sem sinna kynferðisofbeldismálum og ef svo er hvernig þeim þyki hann nýtist þeim í starfinu. Svör þátttakenda myndaði tvö þemu: *formlegur stuðningur* og *óformlegur stuðningur*.

4.4.1 Formlegur stuðningur

Allir þátttakendur höfðu notið formlegs stuðnings handleiðara einhverntímann á starfsævi sinni sem félagsráðgjafi. Þátttakendur fá handleiðslu hjá fagaðila sem stofnunin sem þeir starfa hjá greiðir fyrir samkvæmt kjarasamningum. Þátttakendum þykir

handleiðsla nýttast vel í starfi sínu hjá barnavernd og sagði einn þátttakandi að handleiðsla væri sá stuðningur sem hefur nýst honum best í starfinu:

[...] það er svona mjög erfitt einmitt að hlusta á þessi mál þannig að þú veist til þess að fá svona bara til þess að geta haldið áfram og svona þá hefur hún kennt mér svona ýmsar aðferðir bara til að já eiginlega til að lifa af í starfinu af því þetta er mjög erfitt oft og getur orðið mjög þungt, þungur tími sérstaklega ef þú ert komin með mörg mál á sama tíma [...].

Þátttakendur greindu frá því að þeir velja sér handleiðara sjálfir eftir því sem hentar þeim og þeirra þörfum. Einn þátttakandi nefndi þó að það væri ekki alltaf auðvelt að finna handleiðara sem hentar en þegar maður nær vel til handleiðarans þá geti það verið mjög hjálplegt. Þá greindi einn þátttakandi frá því að yfirmaður sinn aðstoðaði sig við að koma sér að hjá handleiðara þegar nauðsyn bar til:

[...] ég var bara að ræða þetta við yfirmanninn minn af því ég lenti svona í smá krísu, ég lenti í fjórum ljótum málum á einni viku og bara leið mjög illa og hún vildi þá semsagt að ég færi og færi til þessa tiltekna aðila í handleiðslu af því að hún er með þessa þekkingu. Þannig að hún í rauninni kom mér bara að hjá henni strax eftir þessa erfiðu viku og ég er bara búin að vera hjá henni síðan, ég er að verða búin þetta er örugglega orðið já ég er að byrja þriðja veturinn minn hjá henni [...].

Einn þátttakandi hafði orð á því að honum fyndist gott að fara í handleiðslu til að vinna með sjálfan sig sem starfsmann og hvernig hann tekur á hlutunum í starfinu sem og í sínu eigin lífi. Þá benti annar þátttakandi á mikilvægi þess að nýta sér handleiðslu til að vera sjálfur í tilfinningalegu jafnvægi svo mál séu ekki unnin á persónulegum forsendum. Það væri nauðsynlegt að aðskilja persónu-sjálfið við vinnu-sjálfið til að vinna í barnavernd:

[...] barnavernd er í raun og veru erfitt starf og þú þarft að héra halda sjálfum þér á mjög góðu plani [...] Þín persóna þarf að vera mjög stöðil til þess að þú látir ekki héra farir ekki inn í hlutina á persónulegum forsendum og annað slíkt þú verður að halda svona faglegri fjarlægð og læra á þessa svona hvar þú átt að vera staddur í máli til dæmis, þú þarft að vera með mikla sympatíu en þú mátt samt ekki fara of langt inn á þinni persónu þannig þetta þarf að vera svona hinn gullni meðalvegur sem þú þarft að þræða mjög vandlega héra í barnaverndinni [...].

Einn þátttakandi hefur nýtt sér handleiðslu frá Barnaverndarstofu varðandi mál sem hann er að sinna til þess að fá fleiri sjónarhorn á málið þar sem fáir félagsráðgjafar starfa hjá stofnuninni sem hann starfar hjá:

[...] mér finnst stundum þegar maður er á svona minni stað að maður þyrfti að geta og þurfi á því meira að halda að geta leitað sér utanaðkomandi stuðning.

Þá nefndi hann einnig að honum þætti gott að fá „feedback“ frá Barnaverndarstofu varðandi mál sem hann sinnir og jafnvel ráð um hvernig best væri að halda áfram að vinna málið:

[...] ef við höfum verið með mjög erfið mál [...] þá höfum við líka bara stundum rætt við Barnaverndarstofu og þau hafa komið og við bara svolítið farið í gegnum málin mér finnst það rosalega gott líka af því við erum svo fá hérna [...]. Það er ekkert alltaf einhver gullin leið og þá þarf maður svolítið að hugsa af hverju viljum við fara hér en ekki hér [...].

Einn þátttakandi talaði um að hann væri stundum hugsí yfir málum sem hann tengir ekki endilega við verknaðinn heldur væri eitthvað í sambandi við málið sem gæti virkað sem ákveðinn „trigger“ fyrir sig. Þá taldi hann að mikilvægt væri að þekkja sjálfan sig til að geta verið vakandi yfir hlutum sem gætu virkað sem „trigger“ á sig. Það gerir hann með því að geta rakið tenginguna á því hvers vegna ákveðinn hlutur væri að hafa þessi áhrif á hann en það lærði hann að gera í handleiðslu:

[...] maður þarf bara að vera vakandi fyrir því þú veist ef það er eitthvað sérstakt að triggera mann að ræða það þá sérstaklega í handleiðslu [...]. Þú veist maður hefur heyrt þetta eins og frá slysó, það kemur barn sem að var í eins úlpu og þitt barn eftir umferðarslys og þú færð kannski þínu svona er þetta mitt barn en svo er þetta ekki þitt barn en þú nærð þessu ekki úr hausnum á þér af því þetta barn á alveg eins úlpu og þitt barn, þá er bara komin tengingin og þá þú veist þá lærði ég okei ég þarf bara að gera þessa tengingu [...].

4.4.2 Óformlegur stuðningur

Þátttakendur höfðu allir orð á því að stuðningur innan stofnunnar væri þeim mikilvægur í starfinu. Sá stuðningur felst aðallega í að eiga samtal við samstarfsfólk sitt um vinnslu mála og jafnvel persónuleg mál úr einkalífi. Allir þátttakendur voru sammála því að þeir njóti stuðnings á meðal vinnufélaga sinna og/eða yfirmanna á þeirri stofnun sem þeir starfa hjá. Einn þátttakandi sagði eftirfarandi þegar hann var spurður hvort hann sæki sér stuðning hjá vinnufélögum sínum á vinnustað:

Já annaðhvort bara hjá mínum vinkonum inn á vinnustaðnum eða bara hjá þú veist öðrum yfirmönnum ef að minn yfirmaður er kannski bara lasinn eða eitthvað eða þú veist ég veit að þú varst með svipað mál skiluru [...].

Þátttakendur voru sammála um að það væri sjálfsagt fyrir þá að leita sér stuðnings á meðal vinnufélaga sinna og eiga „jafningjasamtöl“ en það getur reynst afar hjálplegt að spegla mál þeirra á milli. Einn þátttakandi sagði:

[...] maður getur alltaf leitað til vinnufélaga, já maður fær alltaf stuðning frá hvort sem það eru vinnu vinkonur manns eða bara aðrir þú veist og ég gæti svona ég gæti beðið svona 90% af mínum vinnufélögum um að koma að tala við mig og þau myndu gera það skiluru, hin 10% eru bara kannski einhverjir sem ég tengist ekki eða skiluru sem að mér myndi ekkert endilega langa til að tala við en þau myndu alveg gera það skiluru.

Þá benti einn þátttakandi á að það sé mikilvægt að það ríki góð samskipti á milli samstarfsmanna og yfirmanna á þeirri stofnun sem starfað er á:

[...] félagatengslin inn í hópnum sko sem skipta rosalega miklu máli að vera í góðum samskiptum við starfsmenn, það skiptir náttúrulega gríðarlegu máli þegar þú ert að hérna fjalla um svona erfið mál eins og eru í barnavernd já að hópurinn sé þéttur og þú getir treyst, fólk geti treyst hvort á annað.

Einn þátttakandi leggur áherslu á að nýjir starfsmenn sem hefja störf hjá barnavernd geti leitað til þeirra starfsmanna sem hafa verið að starfa þar lengur því þeir séu með reynslu á að vinna þessi mál og geti því aðstoðað. Þá benti hann jafnframt á að það væri mikið álag á starfsmenn barnaverndar og því gæfist oft lítil tími til stuðnings og samræðna á vinnutíma en hann myndi gjarnan vilja sjá það öðruvísi:

[...] ég myndi vilja sjá það öðruvísi að það væri horft til þess og gerð krafa um það hvað þú getir verið með að vinna mörg mál sem starfsmaður vegna þess að það vill fara svo hátt upp stundum þegar það er mikið að gera að fólk er hlaðið sko af of mikilli vinnu að það hefur ekki tíma til að rækta svona félagsráðgjafann og svona substance í sjálfum sér til þess að takast á við það [...].

Tveir þátttakendur greindu frá því að yfirmenn þeirra séu ávallt innan handar til að aðstoða þá við mál þeirra. Þá sagði einn þátttakandinn að hann geti hringt í yfirmann sinn ef hann er ekki á staðnum til að fá aðstoð ef hann þarf á því að halda. Einn þátttakandi greindi frá því að þegar um erfið mál er að ræða þá vinna þau oft tvö og tvö saman að máli og í því felist ákveðinn stuðningur:

[...] mér finnst líka mikilvægt að það sé þá traust á milli fólks að það geti unnið saman og það hefur alveg verið hér að fólk geti unnið saman og það er það sem er mikilvægt líka það er þessi óformlegi stuðningur, þú getur sest inn hjá mér og bara þetta var rosalega krefjandi viðtal og þá getum við rætt það [...].

5 Umræða

Í þessum kafla verða megin niðurstöður rannsóknarinnar teknar saman og ályktanir dregnar með tilliti til fræðilegrar þekkingar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig félagsráðgjöfum þykir hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtast við að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Þá var einnig kannað hvernig stuðningi við félagsráðgjafa sem vinna í slíkum málum innan barnaverndar er háttað og hvernig félagsráðgjafar telja að sá stuðningur nýtist þeim í starfi.

Tekin voru viðtöl við sex félagsráðgjafa sem starfa hjá barnavernd í félagsþjónustu sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og nærliggjandi sveitarfélögum. Þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa reynslu af að veita börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldum þeirra þjónustu. Styrkleikar rannsóknarinnar felast í því að þátttakendur hennar eru fagaðilar sem sinna þessum málaflokki og voru opnir fyrir því að segja frá sinni reynslu af því að notast við hugmyndafræði félagsráðgjafar í starfi sínu. Vegna smæðar rannsóknarinnar ber að fara varlega í að draga ályktanir út frá henni, þrátt fyrir að flestir þættir styðji við niðurstöður erlendra rannsókna sem og fræðilega þekkingu sem fjallað var um í fræðilegum hluta ritgerðarinnar. Mikilvægi rannsóknarinnar felst meðal annars í eðli vandans sem kynferðisofbeldi gegn börnum er og því að félagsráðgjafar eru fjölmennir í hópi þeirra starfsmanna sem sinna þessum málum innan barnaverndar á Íslandi. Takmarkanir rannsóknarinnar felast í smæð hennar sem verður, líkt og áður kom fram, til þess að ekki sé hægt að alhæfa út frá niðurstöðum hennar heldur geta þær eingöngu gefið vísbendingar um stöðu málaflokksins og þarfir hans.

5.1 Undirbúningur fyrir barnaverndarstarf

Innan barnaverndarnefnda starfar stór hópur félagsráðgjafa sem sinnir meðal annars börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Rannsóknir hafa sýnt að tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum á Íslandi sé nokkuð há (Hrefna Ólafsdóttir, 2011; Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011) og fer tilkynningum um slíkt ofbeldi hækkandi á milli ára (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2019). Vegna umfangs og eðlis kynferðisofbeldis gegn börnum þætti ákjósanlegt að þeir sem starfa við að sinna slíkum málum fái viðeigandi fræðslu og þjálfun til þess. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar höfðu allir þátttakendur sótt sér einhverskonar fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum, hvort sem það var á eigin vegum eða á vegum stofnunarinnar sem þeir störfuðu hjá. Aftur á móti hafði enginn

af þátttakendunum fengið sérstaka þjálfun að undanteknu námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda til að sinna kynferðisofbeldismálum áður en þeir hófu störf við að sinna slíkum málum. Það sem er kennt í félagsráðgjafarnámi og einkennir þjónustu félagsráðgjafa í ofbeldismálum er fjölskyldumiðuð nálgun þar sem lögð er áhersla á að þjónusta alla fjölskylduna (Hrefna Ólafsdóttir, 2019; Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Líkt og kom fram í niðurstöðum þessarar rannsóknar þótti fjórum af sex þátttakendum nám í félagsráðgjöf til starfsréttinda ekki nægur undirbúningur til að þeim hafi fundist þeir vera tilbúnir til að hefja störf þar. Þátttakendur töluðu um að það væri í raun ekki hægt að undirbúa neinn undir slíkt starf og voru þeir allir sammála um að mesta þjálfunin væri að finna í starfinu sjálfu með því að framkvæma verkin. Þá þótti tveimur þátttakendanna þeir vera nægilega undirbúnir fyrir starf í barnavernd eftir nám til starfsréttinda en taka verður til greina að þeir höfðu báðir starfað sem félagsráðgjafar á öðrum vettvangi áður en þeir hófu störf hjá barnavernd. Því er hægt að álykta að þeir hafi haft reynslu þaðan sem hefur nýst þeim þegar þeir hófu núverandi starf.

5.2 Hugmyndafræði félagsráðgjafar

Félagsráðgjafar eru vel til þess fallnir að sinna málum barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi en þjálfun þeirra byggist á heildarsýn og kerfishugsun sem finna má í hugmyndafræði félagsráðgjafar (Hrefna Ólafsdóttir, 2006; Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Félagsráðgjafar þurfa að geta skilið vanda einstaklinga út frá samfélagslegum þáttum ásamt því að búa yfir færni til að bera kennsl á það hvernig vandinn getur birst á mismunandi hátt eftir einstaklingum (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Í niðurstöðum þessarar rannsóknar voru allir þátttakendur sammála um að hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtist þeim í starfinu. Þátttakendur töluðu um mikilvægi þess að mæta barni sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi þar sem það er statt hverju sinni (Siporin, 1970). Með heildarsýn er lögð áhersla á að skoða einstaklinginn út frá aðstæðum og umhverfi hverju sinni (Hrefna Ólafsdóttir, 2006; Lára Björnsdóttir, 2006; Siporin, 1970). Allir þátttakendur töluðu um heildarsýn sem ákveðinn grunn í þeirra starfi sem félagsráðgjafar. Þeim þótti sem það væri búið að þjálfar þá til þess að skoða hvert mál út frá þörfum hvers og eins. Í niðurstöðunum voru þrjú þátttakendur sem lögðu áherslu á að nálgast fjölskylduna sem heild þegar barn hefur verið beitt kynferðisofbeldi því staða fjölskyldunnar getur skipt miklu máli í bataferli barnsins. Þá hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að hafa heildarsýn

að leiðarljósi í málum þar sem verið er að veita barni þjónustu með því að leggja áherslu á að þjónusta alla fjölskyldu barnsins og þannig nýta styrkleika hennar (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Kerfiskenningar byggja á því að fjölskyldan sé áhrifamesta kerfið í kringum barn (Hartman og Laird, 1983; Nichols og Davis, 2017). Í niðurstöðum þessarar rannsóknar bentu þátttakendur á að þegar unnið er með barn sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi og fjölskyldu þess að fjölskyldan væri eitt af kerfum barnsins ásamt því að vera mikilvægasti stuðningsaðili við barnið. Þátttakendur töluðu um að heildarsýn og kerfiskenningar ættu vel við í barnaverndarmálum þar sem barn hefur verið beitt kynferðisofbeldi þar sem það þarf alltaf að hugsa um kerfin sem barnið er hluti af því barn stendur yfirleitt aldrei eitt og sér. Það sem var áberandi á meðal þátttakenda í niðurstöðum rannsóknarinnar var að þeir voru allir meðvitaðir um styrkleika hugmyndafræði félagsráðgjafar í starfi sínu með börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi en með tímanum hafa þeir ekki endilega þurft að hugsa sérstaklega um heildarsýn eða kerfiskenningar í málum sem þeir sinna. Ástæður þess var hægt að rekja til þess að þeir væru orðnir vel þjálfaðir í að notast við hugmyndafræði félagsráðgjafar í starfinu og því væri hugsun þeirra og framkvæmd ávallt eftir hugmyndafræðinni.

5.3 Hlutverk félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum

Hlutverk félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum getur verið mismunandi eftir eðli málsins. Aldur barna getur skipt máli varðandi þá þjónustu sem félagsráðgjafi veitir því en þeir sem sinna málefnum barna þurfa að búa yfir hæfni til að geta veitt börnum mismunandi þjónustu eftir mismunandi aldri (Geldard, Geldard og Foo, 2016; Sherman, 2015). Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kemur fram að þátttakendur veita börnum mismunandi þjónustu eftir því á hvaða aldri þau eru. Þeir töluðu um að það væri ekki hægt að ætlast til þess sama af ungu barni og unglingi því þau skilja ekki sömu hlutina. Einn þátttakandi nefndi að þegar hann er með ung börn í viðtölum þá sitji hann oft á gólfinu með barninu að leika við þau á meðan hann aflar upplýsinga um brot sem framið hefur verið gegn barninu. Annar þátttakandi nefndi að honum finnist best að leggja öll orðin á borðið þegar hann er með ungling í viðtali til þess að unglingurinn upplifi sig í þannig umhverfi að hann geti tjáð sig á þann hátt sem hentar honum. Þessar mismunandi leiðir sem þátttakendur lýstu í niðurstöðum rannsóknarinnar eru í takt við það sem kemur

fram í fræðunum varðandi viðtalstækni við börn en þar er einmitt lögð áhersla á mikilvægi þess að mæta skjólstæðingi sínum þar sem hann er staddur (Geldard, Geldard og Foo, 2016; Sherman, 2015).

Þegar barn hefur verið beitt kynferðisofbeldi geta fjölskyldumeðlimir þess gengið í gegnum mikla sorg og fundið fyrir hjálparleysi og vonleysi (Engel, 1994). Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kemur fram að stórt hlutverk í starfi þátttakenda er að aðstoða foreldra barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Það gera þeir með því að hjálpa þeim að takast á við áfallið með því að leiðbeina þeim og veita þeim fræðslu. Einn þátttakandi talaði um að hann hefði bætt við sig menntun í áfallavinnu vegna þeirra áhrifa sem kynferðisofbeldi gegn barni hefur á foreldra þess. Annar þátttakandi talaði um að hann vissi ekki til þess að foreldrar þessara barna fái nokkurs staðar sérhæfða fræðslu varðandi kynferðisofbeldi nema þeir sækja sér sjálfir sálfræðiaðstoð.

Rannsóknir sýna að félagsráðgjafar sem starfa í barnavernd við að sjá um kynferðisofbeldismál eru yfirleitt öruggir um að þeir búi yfir færni til að sjá um slík mál nema þegar um er að ræða stafrænt kynferðisofbeldi (Kwhali, Martin, Brady og Brown, 2016; Martin, 2016). Þá hefur önnur rannsókn sýnt að félagsráðgjöfum þykir færni þeirra í slíkum málum vera takmörkuð vegna þess að þjálfun þeirra búi ekki yfir nægum undirbúningi til að sinna slíkum málum (Martin, 2016). Niðurstöður þessara erlendu rannsókna eru ekki í takt við niðurstöður þessarar rannsóknar en þátttakendur hennar greindu ekki frá því að þeim þætti flóknara eða erfiðara að sinna slíkum málum frekar en öðrum málum. Hinsvegar er vert að taka fram að í þessari rannsókn töluðu einungis tveir þátttakendur um stafrænt ofbeldi og að það væri áberandi á meðal jafnaldra þar sem dreifing mynda á sér stað gegn greiðslu og á meðal unglingsstúlkna sem senda myndir af sér til eldri manna gegn greiðslu. Í erlendu rannsóknunum kemur ekki fram hvers eðlis stafræna kynferðisofbeldið er, fyrir utan að það sé af hálfu fjölskyldumeðlimis (Kwhali, Martin, Brady og Brown, 2016). Vegna þess er erfitt að bera þær niðurstöður saman við niðurstöður þessarar rannsóknar því ekki er hægt að vita hvort niðurstöðurnar yrðu þær sömu ef eðli stafræna kynferðisofbeldisins sem þátttakendur greindu frá væri af hálfu fjölskyldumeðlimis líkt og var í erlendu rannsókninni (Kwhali, Martin, Brady og Brown, 2016).

5.4 Stuðningur í starfi

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þátttakendur hafa öðlast þjálfun til að aðskilja vinnu og frítíma sinn en þrátt fyrir það leggist sum mál þungt á þá. Einn þátttakandi talaði um að það væri mannlegt að vera hugsí yfir þungum málum og að þau hafi áhrif á mann. Rannsóknir sýna að félagsráðgjafar sem starfa við að hafa afskipti af einstaklingum sem hafa upplifað áfall getur haft áhrif á heilsufar þeirra (Auður Ósk Guðmundsdóttir, 2020; Newell og MacNeil, 2010; Steinunn Hrafnisdóttir, 2020). Til að lágmarka áhrif af áföllum einstaklinga sem þiggja þjónustu hjá félagsráðgjöfum sem sinna slíkum málum er mikilvægt að þeir njóti viðeigandi stuðnings í starfi, meðal annars handleiðslu frá fagaðila (Naturale og Pulido, 2012; Steinunn Hrafnisdóttir, 2020). Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kemur fram að allir þátttakendur hennar njóta stuðnings sem þeim þykir nýtast til að sinna starfi sínu og til að efla sig sem starfsmann. Stuðningurinn sem þeir fá er bæði formlegur í formi handleiðslu og óformlegur í formi jafningjastuðnings. Þátttakendur töluðu um mikilvægi þess að nýta handleiðslu til að halda jafnvægi á milli vinnu og persónulegs lífs þeirra en handleiðsla hefur sýnt fram á að hún eflir fagmennsku í starfi og tryggir gæði þjónustunnar (Sigrún Júlíusdóttir, 2000). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndi að þátttakendum þykir óformlegur stuðningur sem þeim er veittur innan stofnunarinnar vera mikilvægur, bæði vegna vinnslu einstakra mála og vegna persónulegra mála. Þessar niðurstöður eru í takt við aðrar rannsóknir (Beddoe og Davys, 2016). Þá ber að nefna í lokin að allir þátttakendur þessarar rannsóknar voru sammála um að handleiðsla og stuðningur innan vinnustaðar væru nauðsynlegir þættir til að geta starfað við barnavernd.

6 Lokaorð

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvernig félagsráðgjafar, sem starfa við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum, þykir hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtast við að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Þá var einnig hluti af markmiðinu að líta til þess hvernig stuðningi við félagsráðgjafa sem vinna í slíkum málum innan barnaverndar er háttað og hvernig félagsráðgjafar telja að sá stuðningur nýtist þeim í starfi. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar og svör við þeim rannsóknarspurningum sem lagt var upp með í upphafi ritgerðarinnar eru þær að reynsla félagsráðgjafa af því að nota hugmyndafræði félagsráðgjafar í þjónustu við börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi er almennt góð. Þátttakendur voru sammála um að hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtist þeim í starfinu á einn eða annan hátt. Þá kom einna helst fram að innan hugmyndafræðinnar væru það heildarsýn og kerfiskenningar sem þeir notast mest við í vinnu með börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Voru allir þátttakendur sammála um að þó þeir séu meðvitaðir um hugmyndafræði félagsráðgjafar þá séu þeir ekki endilega að hugsa um hana í hverju máli fyrir sig heldur væri vinnsla þeirra í málum á þann hátt að þeir eru ávallt að notast við hugmyndafræðina. Þá leiddu niðurstöður rannsóknarinnar einnig í ljós að allir þátttakendur njóta stuðnings í starfi sínu, bæði í formi handleiðslu og í formi jafningjastuðnings. Þátttakendur voru sammála um að stuðningur í þessu starfi sé nauðsynlegur til að halda jafnvægi í vinnu og í einkalífi. Þannig studdust niðurstöður þessarar rannsóknar við fræðin að mestu leyti en hafa ber í huga að þær hafa ekki alhæfingargildi sökum lítils úrtaks.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru mikilvægar að því leyti að þær veita ákveðna innsýn inn í notkun hugmyndafræði félagsráðgjafar í kynferðisofbeldismálum í barnavernd. Það hefur ekki verið gert áður á Íslandi eftir bestu vitund rannsakanda. Það er von rannsakanda að niðurstöður rannsóknarinnar muni koma af stað umræðum um menntun og starf félagsráðgjafa í kynferðisofbeldismálum í barnavernd.

Lovísa Mjöll Kristjánsdóttir

Heimildaskrá

- Almenn hegningarlög nr. 19. (1940). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html>
- American Psychiatric Association. (2013). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (5. útgáfa). Washington, DC: American psychiatric association.
- Auður Ósk Guðmundsdóttir. (2020). Handleiðsla í þungum og ágengum málum: Einkenni streitu í starfi, áhrif hennar á starfsfólk og hvernig bregðast má við. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), *Handleiðsla - til eflingar í starfi* (bls. 111-119). Háskólaútgáfan.
- Aydin, B., Akbas, S., Turla, A., Dundar, C., Yuce, M. og Karabekiroglu, K. (2014). Child sexual abuse in Turkey: An analysis of 1002 cases. *Journal of forensic sciences*, 60(1), 61-65. doi:10.1111/1556-4029.12566
- Barnaverndarlög nr. 80. (2002). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html>
- Barnaverndarstofa. (2021). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á fyrstu þremur mánuðum árána 2019 - 2021*. <https://www.bvs.is/media/almenningur/Samanburdur-fyrstu-3-manudi-aranna-2019-2020-2021-tilkynningar.pdf>
- Barnaverndarstofa. (e.d.). *Barnahús*. <https://www.bvs.is/almenningur/urraedi/barnahus/>
- Baron, S. W. (2004). General strain, street youth and crime: A test of Agnew's revised theory. *Criminology*, 42(2), 457-483. doi:10.1111/j.1745-9125.2004.tb00526.x
- Beddoe, L. og Davys, A. (2016). *Challenges in professional supervision. Current themes and models for practice*. Philadelphia: Jessica Kingsley.
- Boudreau, C., L., Kress, H., Rochat, R., W. og Yount, K., M. (2018). Correlates of disclosure of sexual violence among Kenyan youth. *Child abuse & neglect*, 79, 164-172. doi:10.1016/j.chiabu.2018.01.025
- Bowen, M. (1966). The use of family theory in clinical practice. *Comprehensive Psychiatry*, 7(5), 345-374. doi:10.1016/S0010-440X(66)80065-2

- Bowers, N., R. og Bower, A. (2017). General systems theory. Í Francis J. Turner (ritstj.), *Social work treatment: Interlocking theoretical approaches* (6. útgáfa) (bls. 240-247). Oxford: University Press.
- Briere, J. og Elliot, D. M. (2003). Prevalence and psychological sequelae of self-reported childhood physical and sexual abuse in a general population sample of men and women. *Child abuse & neglect*, 27(10), 1205-1222. doi:10.1016/j.chiabu.2003.09.008
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiments of nature and design*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2011). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 269-295).
- Butchart, A., Harvey, A.P., Mian, M. og Furniss, T. (2006). *Preventing child maltreatment: A guide to taking action and generating evidence*. World Health Organisation and international society for prevention of child abuse and neglect.
http://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/43499/9241594365_eng.pdf?sequence=1
- Butler, L. D., Carello, J. og Maguin, E. (2016). Trauma, stress, and self-care in clinical training: Predictors of burnout, decline in health status, secondary traumatic stress symptoms and compassion satisfaction. *Psychological trauma: Theory, research, practice, and policy*, 9(4), 416-424. doi:10.1037/tra0000187
- Chandy, J. M., Blum, R. W. og Resnick, M. D. (1996). Gender-specific outcomes for sexually abused adolescents. *Child abuse & neglect*, 20(12), 1219-1231. doi:10.1016/S0145-2134(96)00117-2
- Cruz, M. A. D., Gomes, N. P., Campos, L. M., Estrela, F. M., Whitaker, M. C. O., Lírio, J. G. D. S. (2021). Impacts of sexual abuse in childhood and adolescence: an integrative review. Repercussões do abuso sexual vivenciado na infância e adolescência: revisão integrativa. *Ciencia & saude coletiva*, 26(4), 1369–1380. doi:10.1590/1413-81232021264.02862019

- Csoboth, C. T., Birkas, E. og Purebl, G. (2003). Physical and sexual abuse: Risk factors for substance use among young Hungarian women. *Behavioral Medicine*, 28(4), 165-171. doi:10.1080/08964280309596055
- Davies, L. og Duckett, N. (2016). *Proactive child protection and social work* (2. útgáfa). London: Sage.
- Dunlop, B. W., Hill, E., Johnson, B. N., Klein, D. N., Gelenberg, A. J., Rothbaum, B. O., Thase, M. E. og Kocsis, J. H. (2015). Mediators of sexual functioning and marital quality in chronically depressed adults with and without a history of childhood sexual abuse. *The journal of sexual medicine*, 12(3), 813-823. doi:10.1111/jsm.12727
- Easton, S. D., Saltzman, L. Y. og Willis, D. G. (2014). Would you tell under circumstances like that?: Barriers to disclosure of child sexual abuse for men. *Psychology of men & masculinity*, 14(4), 46-469. doi:10.1037/a0034223
- Engel, B. (1994). *Families in recovery: Working together to heal the damage of childhood sexual abuse*. Los Angeles: Lowell house.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2011). *Introduction to social work* (12. útgáfa). London: Pearson.
- Fiering, C., Taska, L. og Lewis, M. (1999). Age and gender differences in children's and adolescents' adaption to sexual abuse. *Child abuse & neglect*, 23(2), 115-128.
- Finkelhor, D. (1994). The international epidemiology of child sexual abuse. *Child abuse & neglect*, 18(5), 409-417. doi:10.1016/0145-2134(94)90026-4
- Finkelhor, D. og Browne, A. (1985). The traumatic impact of child sexual abuse: A conceptualization. *American journal of orthopsychiatry*, 55(4), 530-541. doi:10.1111/j.1939-0025.1985.tb02703.x

- Finkelhor, D., Hotaling, G., Lewis, I. A. og Smith, C. (1990). Sexual abuse in a national survey of adult men and women: Prevalence, characteristics, and risk factors. *Child abuse & neglect*, 14(1), 19-28. doi:10.1016/0145-2134(90)90077-7
- Finkelhor, D., Shattuck, A., Turner, H. A. og Hamby, S. L. (2014). The lifetime prevalence of child sexual abuse and sexual assault assessed in late adolescence. *Journal of adolescent health*, 55(3), 329-333. doi:10.1016/j.jadohealth.2013.12.026
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd* (2. útgáfa). Barnaverndarstofa.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2019). Barnavernd: Þróun í fjölda tilkynninga og úrræði. Í Halldór S. Guðmundsson og Sigrún Harðardóttir (ritstj.), *Af neista verður glóð: Vísindi og vettvangur í félagsráðgjöf* (bls. 99-121). Háskólaútgáfan.
- Geldard, K., Geldard, D. og Foo, R, Y. (2016). *Counselling adolescents: The proactive approach for young people* (4. útgáfa). Los Angeles: Sage.
- Gewirtz-Meydan, A. og Finkelhor, D. (2019). Sexual abuse and assault in a large national sample of children and adolescents. *Child maltreatment*, 25(2), 203-214. doi:10.1177/1077559519873975
- Glaser, D. og Frosh, S. (1993). *Child sexual abuse* (2. útgáfa). London: Macmillan.
- Grossoehme D. H. (2014). Overview of qualitative research. *Journal of health care chaplaincy*, 20(3), 109–122. doi:10.1080/08854726.2014.925660
- Hartman, A. og Laird, J. (1985). Family-centered social work practice. *Social work*, 30(3), 277-278. doi:10.1093/sw/30.3.277-a
- Healy, K. (2014). *Social work theories in context: Creating frameworks for practice* (2. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84). Akureyri: Háskólaútgáfan.

- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137-153). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Helweg-Larsen, K. og Böving-Larsen, H. (2006). The prevalence of unwanted and unlawful sexual experiences reported by Danish adolescents: Results from a national youth survey in 2002. *Acta Paediatrica*, 95, 1270-1276. doi:10.1080/08035250600589033
- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór S. Guðmundsson (ritstj.), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 111-127). Háskólaútgáfan og RBF.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2011). Börn þvinguð til kynlífs: Rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 235-267).
- Hrefna Ólafsdóttir. (2019). Fjölskyldumeðferð: Sérstök grein innan klínískra fræða verður til. Í Halldór S. Guðmundsson og Sigrún Harðardóttir (ritstj.), *Af neista verður glóð: Vísindi og vettvangur í félagráðgjöf* (bls. 215-233). Háskólaútgáfan.
- Hulme, P. A. (2004). Retrospective measurement of childhood sexual abuse: A review of instruments. *Child maltreatment*, 9(4), 201-217. doi:10.1177/1077559504264264
- Kadushin, A. (1992). *Supervision in social work* (3.útgáfa). New York: University press Columbia.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129-136). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Kendall-Tackett, K. A., Williams, L. M. og Finkelhor, D. (1993). Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies. *Psychological bulletin*, 113(1), 164-180. doi:10.1037/0033-2909.113.1.164
- Kwhali, J., Martin, L., Brady, G. og Brown, S. J. (2016). Child sexual abuse and exploitation: Knowledge, confidence and training within a contemporary UK social work practice

- and policy context. *British journal of social work*, 46(8), bls. 2208-2226.
doi:10.1093/bjsw/bcw154
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Háskólaútgáfan og RBF.
- Leth, I., Stenvig, G. og Pedersen, A. (1988). Seksuelle overgreb mod børn og unge: Omfang og karakter. *Nordisk Psykologi*, 40(5), 383-393. doi:10.1080/00291463.1988.10636943
- Martin, J. (2016). Child sexual abuse images online: Implications for social work training and practice. *British journal of social work*, 46(2), bls. 372-388. doi:10.1093/bjsw/bcu116
- Martin, P., Milne, D. L. og Reiser, R. P. (2018). Peer supervision: International problems and prospects. *Journal of advanced nursing*, 74(5), bls. 998-999. doi:10.1111/jan.13413
- Mathews, B. og Collin-Vézina, D. (2019). Child sexual abuse: Toward a conceptual model and definition. *Trauma, violence, & abuse*, 20(2), 131-148.
doi:10.1177/1524838017738726
- McGrath, C., Palmgren, P. J. og Liljedahl, M. (2018). Twelve tips for conducting qualitative research interviews. *Medical teacher*, 41(9), 1002-1006.
doi:10.1080/0142159X.2018.1497149
- Murray, L. K., Nguyen, A. og Cohen, J. A. (2014). Child sexual abuse. *Child and adolescent psychiatric clinics of North America*, 23(2), 321-337. doi:10.1016/j.chc.2014.01.003
- Naturale, A. og Pulido, M. (2012). Helping the helpers. Ameliorating secondary traumatic stress in disaster workers. Í J. Framingham og M. Teasly (ritstj.), *Behavioral health response to disaster* (bls. 189-208). New York: CRC Press.
- Newell, J., M. og MacNeil, G., A. (2010). Professional burnout, vicarious trauma, secondary traumatic stress, and compassion fatigue: A review of theoretical terms, risk factors, and preventive methods for clinicians and researchers. *Best practices in mental health*, 6(2), 57-68.

- Nichols, M. P. og Davis, S. D. (2017). *Family therapy: Concepts and methods international edition* (11. útgáfa). Boston: Pearson Education, Inc.
- Nielsen, D. S. (2011). Overview of qualitative research methods. *Bone*, 48(2), S51.
doi:10.1016/j.bone.2011.03.008
- Olafson, E. (2011). Child sexual abuse: Demography, impact, and interventions. *Journal of child and adolescent trauma*, 4(1), bls. 8-21. doi:10.1080/19361521.2011.545811
- Papalia, N., Mann, E., og Ogloff, J. R. P. (2021). Child sexual abuse and risk of revictimization: Impact of child demographics, sexual abuse characteristics, and psychiatric disorders. *Child maltreatment*, 26(1), 74-86. doi:10.1177/1077559520932665
- Pereda, N., Guilera, G., Forms, M. og Gómez-Benito, J. (2009). The international epidemiology of child sexual abuse: A continuation of Finkelhor (1994). *Child abuse & neglect*, 33(6), 331-342. doi:10.1016/j.chiabu.2008.07.007
- Radford, L., Corral, S., Bradley, C. og Fisher, H. L. (2013). The prevalence and impact of child maltreatment and other types of victimization in the UK: Findings from a population survey of caregivers, children and young people and young adults. *Child abuse & neglect*, 37(10), 801-813. doi:10.1016/j.chiabu.2013.02.004
- Sariola, H. og Uutela, A. (1994). The prevalence of child sexual abuse in Finland. *Child abuse & neglect*, 18(10), 827-835. doi:10.1016/0145-2134(94)90062-0
- Sherman, L. (2015). *Skills in counselling and psychotherapy with children and young people*. London: Sage.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239-249). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2000). Handleiðslumál fagfólks á Íslandi. *Sálfræðiritið*, 6, 51-62.

- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu - eitt sérfræðisvið. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 33-48). Háskólaútgáfan og RBF.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-88). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginndlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229-237). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Siporin, M. (1970). Social treatment: A new-old helping method. *Social work*, 3, 13-25.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2012). *Könnun meðal félagráðgjafa og ráðgjafa Barnaverndar Reykjavíkur* (unnið fyrir Barnaverndarstofu). Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2019). Handleiðsla í félagráðgjöf: Ræktun fólks og fags. Í Halldór S. Guðmundsson og Sigrún Harðardóttir (ritstj.), *Af neista verður glóð: Vísindi og vettvangur í félagráðgjöf* (bls. 201-214). Háskólaútgáfan.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2020). Faghandleiðsla sem forvörn á vinnustað. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), *Handleiðsla – til eflingar í starfi* (bls. 199-209). Háskólaútgáfan.
- Sætre, M., Holter, H. og Jebesen, E. (1986). *Tvang til seksualitet. En undersøkelse av seksuelle overgrep mot barn*. Osló: J. W. Cappelens Forlag A.S.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2011). Gleymt en geymt: Langtímaafleiðingar kynferðisofbeldis gegn ungum börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 297-313). Háskólaútgáfan.
- Tuffour, I. (2017). A critical overview of interpretative phenomenological analysis: A contemporary qualitative research approach. *Journal of healthcare communications*, 52(2). doi:10.4172/2472-1654.100093

- Ullman, S. E. og Filipas, H. H. (2005). Gender differences in social reactions to abuse disclosure, post-abuse coping, and PTSD of child sexual abuse survivors. *Child abuse & neglect, 29*(7), 767-782. doi:10.1016/j.chiabu.2005.01.005
- Walker, H. E., Freud, J. S., Ellis, R. A., Fraine, S. M. og Wilson, L. C. (2017). The prevalence of sexual revictimization: A meta-analytic review. *Trauma, violence, & abuse, 20*(1), 67-80. doi:10.1177/1524838017692364
- Weierich, M. R. og Nock, M. K. (2008). Posttraumatic stress symptoms mediate the relation between childhood sexual abuse and nonsuicidal self-injury. *Journal of consulting and clinical psychology, 76*(1), 39-44. doi:10.1037/0022-006X.76.1.39
- Weinbach, R. W. (2008). *The social worker as manager: A practical guide to success* (5. útgáfa). New York: Pearson.
- Yegidis, B., L., Weinbach, R., W. og Myers, L., L. (2017). *Research methods for social workers* (8. útgáfa). Pearson.

Viðauki I – Kynningarbréf

Kynningarbréf

Beiðni um þátttöku

Reykjavík, september 2021

Rannsókn um hvernig hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtist á sviði barnaverndar í störfum með börnum sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi og fjölskyldum þeirra.

Kæri viðtakandi,

Undirrituð er meistaranemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Á haustmisseri 2021 mun ég framkvæma rannsókn sem er hluti af meistaraverkefni mínu. Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig félagsráðgjöfum sem starfa í barnavernd þykir nálgun félagsráðgjafarinnar nýtast við að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Einnig mun ég skoða hvernig stuðningi við félagsráðgjafa sem vinna í slíkum málum innan barnaverndarinnar er háttað og hvernig félagsráðgjafarnir telja að sá stuðningur nýtist þeim í starfi.

Ljóst er að tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum er nokkuð há á Íslandi eða 20%. Þau börn sem eru í mestri hættu á að verða beitt kynferðisofbeldi eru á aldrinum 7-10 ára og þar næst börn sem eru yngri en 6 ára. Meiri hluti þeirra verður fyrir ofbeldinu oftast en einu sinni og í 84% tilfella er um grófa eða mjög grófa misnotkun að ræða. Stærsti hópur gerenda eru karlar sem tengjast fjölskyldunni, aðrir en foreldrar (Hrefna Ólafsdóttir, 2011).

Byggt á umfangi og eðli vandans og því að félagsráðgjafar eru fjölmennir í hópi þeirra starfsmanna sem starfa við barnavernd innan félagsþjónustu sveitarfélaga á Íslandi tel ég mikilvægt að skoða hvernig nálgun félagsráðgjafarinnar nýtist þeim í að þjónusta þau börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi og þiggja þjónustu frá barnavernd.

Viðtalsvísirinn mun beinast að því að skoða hvernig félagsráðgjöfum þykir hugmyndafræði félagsráðgjafarinnar nýtast í að skapa öryggi fyrir þessi börn með því að notast meðal annars við kerfiskenningar og heildarsýn en hvoru tveggja eru mikilvægir þættir þegar unnið er að vernd og velferð barna.

Með bréfi þessu er óskað eftir þátttöku þinni í rannsókninni. Skilyrði fyrir þátttöku er að þú sért félagsráðgjafi með MA í starfsréttindum félagsráðgjafar og starfar í barnavernd á Íslandi í málum barna sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Áður en viðtal hefst færð þú eyðublað um samþykki til þátttöku í rannsókninni til undirritunar. Í rannsókninni er óskað eftir þinni reynslu á að beita nálgun félagsráðgjafarinnar í þjónustu við börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Fyrirhugað er að taka viðtölin í september og október 2021 en staðsetning og tímasetning þess er samkomulag á milli rannsakanda og þátttakanda hverju sinni. Vinsamlega hafið samband við rannsakanda, Lovísu Mjöll Kristjánsdóttur, í netfangið lmk12@hi.is eða í síma 693-5678 ef þú hefur áhuga á að taka þátt í rannsókninni.

Gætt verður að nafnleynd og trúnaði í rannsókninni sem og að svörin séu hvergi persónugreinanleg. Það verður gert með því að gefa hverjum þátttakanda númer þar sem rannsakandi er sá eini sem hefur aðgang að upplýsingum um tengingu milli nafns og númers. Geymsla og eyðing gagna er á ábyrgð ábyrgðarmanns rannsóknarinnar. Þá vil ég taka það fram að hætta má þátttöku í rannsókninni á hvaða tímapunkti sem er.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í MA ritgerð sem skilað verður í nóvember 2021 og birt á www.skemman.is. Leiðbeinandi og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Hrefna Ólafsdóttir, lektor við Háskóla Íslands. Ef upp vakna spurningar eða óskað er eftir nánari upplýsingum varðandi rannsóknina er þér velkomið að hafa samband við rannsakanda (lmk12@hi.is) eða ábyrgðaraðila (hrefnaol@hi.is).

Bestu kveðjur og von um góðar viðtökur,

Lovísa Mjöll Kristjánsdóttir

Meistaraneemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda við Háskóla Íslands

lmk12@hi.is

Hrefna Ólafsdóttir

Lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Leiðbeinandi og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar

hrefnaol@hi.is

Viðauki II – Upplýst samþykki

Upplýst samþykki

Reykjavík, september 2021

Rannsókn um hvernig hugmyndafræði félagsráðgjafar nýtist á sviði barnaverndar í störfum með börnum sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi og fjölskyldum þeirra.

Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvernig félagsráðgjafar, sem starfa við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum, þykir nálgun félagsráðgjafarinnar nýtast við að þjónusta börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra. Þá verður einnig kannað hvernig stuðningi við félagsráðgjafa sem vinna í slíkum málum innan barnaverndarinnar er háttað og hvernig félagsráðgjafar telja að sá stuðningur nýtist þeim í starfi. Byggt á eðli vandans og því að félagsráðgjafar eru fjölmennir í hópi þeirra starfsmanna sem starfa við barnavernd innan félagsþjónustu sveitarfélaga á Íslandi, telur rannsakandi mikilvægt að skoða hvernig nálgun félagsráðgjafarinnar nýtist þeim í að þjónusta þau börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi og þiggja þjónustu frá barnavernd.

Þátttaka er fólgin í einu viðtali sem áætlað er að taki um klukkutíma. Í viðtalinu greinir þátttakandi frá sinni reynslu á að beita nálgun félagsráðgjafarinnar í þjónustu við börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Hætta má þátttöku í rannsókninni á hvaða tímapunkti sem er án frekari útskýringa. Við rannsóknina verður gætt að trúnaði og nafnleynd sem og að svörin séu hvergi persónugreinanleg. Það verður gert með því að gefa hverjum þátttakanda númer þar sem rannsakandi er sá eini sem hefur aðgang að upplýsingum um tengingu á milli nafns og númers.

Leiðbeinandi og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Hrefna Ólafsdóttir (hrefnaol@hi.is) lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Rannsóknin er hluti af lokaverkefni Lovísu Mjallar Kristjánsdóttur til meistaraþáttar í félagsráðgjöf til starfsréttinda. Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í MA-ritgerð sem skilað verður í nóvember 2021 og

birt inn á skemman.is og á málstofum MA nema í starfsréttindanámi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands á vormánuðum 2022.

Undirrituð/aður hefur lesið kynningarbréf um þáttöku í rannsókninni og veitir hér samþykki fyrir þáttöku í rannsókninni.

Staður og dagsetning

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda

Viðauki III – Viðtalsvísir

Bakgrunnsupplýsingar:

- Hver er aldur þinn?
- Í hvaða póstnúmeri er lögheimili þitt skráð?
- Hver er núverandi hjúskaparstaða þín?
- Áttu börn?
- Hefur þú lokið MA prófi í starfsréttindum frá félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla? Ef svo er, hvenær?
- Hefur þú lögvernduð starfsréttindi í félagsráðgjöf frá Landlæknisembættinu á Íslandi? Ef svo er, hvenær fékkst þú þau?
- Hversu lengi hefur þú starfað sem félagsráðgjafi á Íslandi?
- Starfar þú núna við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga á Íslandi?
- Hversu lengi í heild hefur þú starfað við barnavernd hjá félagsþjónustu sveitarfélaga?

Barnaverndarstörf – kynferðisofbeldi gegn börnum:

- Starfar þú núna í barnavernd sveitarfélags á Íslandi með börnum sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi?
- Hversu lengi hefur þú starfað í barnavernd að málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðisofbeldi?
- Hefur þú fengið sérstaka fræðslu um umfang, eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis gegn börnum í tengslum við þá stofnun sem þú hefur unnið þau störf fyrir (annað hvort á stofnuninni sjálfri eða að stofnunin hafi greitt fyrir námskeið sem þú hefur sótt annarsstaðar)?
- Hefur þú sótt námskeið um umfang, eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis gegn börnum á eigin vegum?
- Hefur þú fengið sérstaka faglega þjálfun í meðferð/nálgun í málefnum barna sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi og fjölskyldna þeirra eftir að námi þínu lauk? Ef svo er, var þá á vegum stofnunnar? Eða á eigin vegum?

Hugmyndafræði og nálgun félagsráðgjafarinnar:

- Hvernig fannst þér þú undirbúin/n undir barnaverndarstörf almennt þegar þú laukst námi í félagsráðgjöf?
- Hvernig fannst þér þú undirbúin/n undir barnaverndarstörf með börnum sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi þegar þú byrjaðir að starfa við þau mál?
- Hvernig finnst þér hugmyndafræði og nálgun félagsráðgjafarinnar nýtast í störfum með börnum sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi?
- Hvað í hugmyndafræðinni finnst þér helst nýtast vel?
- Hvað í nálguninni finnst þér helst nýtast vel?

Stuðningur við félagsráðgjafa í tengslum við störf þeirra:

- Býður þín stofnun upp á handleiðslu vegna vinnu með börnum almennt/þeim sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi? Ef svo er, hvernig finnst þér handleiðslan nýtast þér í þínu starfi?
- Býður þín stofnun upp á annan stuðningur formlegur/óformlegur við félagsráðgjafa sem starfa í slíkum málum? Ef svo er, hvernig finnst þér sá stuðningur nýtast þér í þínu starfi?
- Er eitthvað sem þú myndir vilja bæta við/hafa á annan hátt varðandi þann stuðning sem félagsráðgjöfum er veittur á þeim vinnustöðum sem þú hefur unnið að málefnum barna almennt/sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi?
- Hvernig telur þú að stuðningur þurfi að vera skipulagður bæði formlegur og óformlegur til að nýtast þér/öðrum félagsráðgjöfum sem vinna með börnum almennt/sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi sem best?

- Er eitthvað annað sem þú vilt bæta við?